

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. júní 2021

Mál nr. S-5825/2020:

Héraðssaksóknari

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

X

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 5. maí 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 17. september 2020 á hendur „X, kennitala [...], [...], [...], dvalarstaður fangelsið Hólmsheiði, fyrir hegningarlagaþrot, framin fimmtudaginn 25. júní 2020 í Reykjavík, sem hér greinir:

1. Fyrir brennu, manndráp og tilraun til manndráps, með því að hafa kveikt eld á gólfi í herbergi sínu á annarri hæð að Bræðraborgarstíg 1 og á tveimur stöðum á gólfi í sameiginlegu rými á sömu hæð, undir stiga sem lá upp á þriðju hæð hússins, og valdið þannig eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu en 13 manns voru í húsinu þegar ákærði kveikti eldinn. Eldurinn breiddist hratt út um aðra og þriðju hæð hússins og var það nánast alelda þegar slökkvistarf hófst. Afleiðingar þessa voru þær að A, kennitala [...] og B, kennitala [...], sem höfðu verið í herbergjum sínum á þriðju hæð, létust af völdum koloxíðeitrunar vegna innöndunar á reyk og C, kennitala [...], lést af völdum höfuðáverka en hún féll niður af þriðju hæð hússins þegar hún reyndi að flýja eldinn. Íbúar hússins sem voru heima, D, kennitala [...], E, kennitala [...], F, kennitala [...], G, kennitala [...], H, kennitala [...], I, kennitala [...], J, kennitala [...], K, kennitala [...], L, kennitala [...] og M, kennitala [...] voru í lífsháska vegna eldsins en tókst að komast út úr húsinu eða var bjargað þaðan af lögreglu og slökkviliði. G hlaut væga reykeitrún, J fór út um glugga á þriðju hæð og féll niður og hlaut hann reykeitrún, nokkra skurði á bæði hné, staðbundna heilaáverka, mörg þrot á höfuðkúpu og á andlitsbeinum og blóðtappa í slagæðum lungna, L, hlaut reykeitrún, sár á vinstri hendi og vinstri fótlegg og M hlaut reykeitrún og annars og þriðja stigs brunasár á samtals 17% líkamans en brunasár teygðu

sig yfir báða handleggi, handarbök og ofanvert á fingur, yfir hnéskeljar og nánast allt bak hans, auk þess sem húsið gjöreyðilagðist.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 164. gr., 211. gr. og 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa skömmu eftir atvik sem lýst er í ákærulið 1, utandyra við rússneska sendiráðið að Garðastræti 33, slegið lögreglumennina N og O, sem þar voru við skyldustörf, með gúmmímottu með þeim afleiðingum að N hlaut roða og mar á hægri framhandlegg og O fékk roða á vinstra kinnbein.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Til vara er þess krafist að ákærða verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun eða vægari öryggisráðstöfunum, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu G, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 3.073.636. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 3.000.000 frá 25. júní 2020 til 2. júlí 2020, en af kr. 3.009.636 frá þeim degi til 7. júlí 2020, en af kr. 3.023.636 frá þeim degi til 16. júlí 2020, en af kr. 3.063.636 frá þeim degi til 19. júlí 2020, en af kr. 3.073.636 frá þeim degi til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar réttargæslumanns, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu P, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 13.044.197,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmans, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu Q, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð

frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða R, pólsk kennitala [...], skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða S, pólsk kennitala [...], bætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Öll krefjast þau þóknunar lögmanns fyrir hvert um sig, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu H, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu E, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu M, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 6.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu L, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8.

gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu J, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 6.407.064,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 6.318.466 frá 25. júní 2020 til 9. júlí 2020, en af kr. 6.326.368 frá þeim degi til 15. júlí 2020, en af kr. 6.376.068 frá þeim degi til 24. júlí 2020, en af kr. 6.407.064 frá þeim degi til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu T, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu U, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu V, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu W, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns fyrir hvert um sig, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Af hálfu Á, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu Ð, pólsk kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum, skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.085.801,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 4.000.000 frá 25. júní 2020 til 29. júlí 2020, en af kr. 4.085.801 frá þeim degi til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu É, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,-. Krafist er vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 25. júní 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var birt ákærða, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar lögmanns fyrir hvert um sig, auk virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.“

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður, til vara að honum verði ekki gerð refsing, en til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa sem öll verði skilorðsbundin. Því er hafnað að ákærða verði gert að sæta öryggisráðstöfunum. Þess er jafnframt krafist að gæsluvarðhald og vistun á stofnun verði dregin frá refsingu. Þess er einnig krafist að öllum bótakröfum verði vísað frá dómi, en til vara er krafist lækkunar þeirra. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna, í samræmi við uppgefnar vinnustundir, sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra tilkynning um lausan eld í þriggja hæða fjölbýlishúsi að Bræðraborgarstíg 1 í Reykjavík þann 25. júní 2020 kl. 15:15. Í húsinu var áður atvinnustarfsemi en eftir að hún lagðist af var húsnæðinu skipt upp í herbergi til útleigu. Kom fram að eldurinn væri á annarri hæð hússins og í þaki, gluggar væru byrjaðir að springa og fólk væri í sjálfheldu á þriðju hæðinni. Þegar lögregla kom á vettvang sást hvar eldur logaði á annarri og þriðju hæð hússins og mikill reykur hafði myndast í og við húsið. Mikill fólksfjöldi hafði safnast saman og mikil ringulreið var á staðnum. Hrópað var að lögreglu að fólk væri í sjálfheldu í húsinu og kona, C, sást í glugga á þriðju hæð með höfuðið út. Mikinn reyk lagði frá

rýminu fyrir innan gluggann. Konan var í mikilli geðshræringu og hrópaði mikið. Fólk á staðnum hrópaði m.a. til hennar að stökkva út. Einhver á staðnum færði stóra ruslatunnu upp við húsið beint fyrir neðan gluggann. Konan fór þá að færa sig út um gluggann og við það missti hún takið og féll aftur fyrir sig ofan í ruslatunnuna þar sem höfuð hennar skall á kantinum á ruslatunnunni. Konan missti samstundis meðvitund og hóf að blæða mikið frá nefi hennar. Voru endurlífgunartilraunir þegar hafnar og konan flutt á slysadeild.

Dælubifreiðar frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins komu á vettvang og hófst þá slökkvistörf og frekari björgunaraðgerðir. Ekki var vitað hversu margir væru innandyra. Stigi var færður af dælubifreið að norðurhlið hússins þar sem maður, L, var í sjálfheldu innandyra á þriðju hæð. Þegar búið var að reisa stigann við húsið aðstoðaði slökkviliðsmaður manninn við að komast út.

Lögregla ræddi við Í sem gaf sig fram á vettvangi og kvaðst hafa verið við [...], hinum megin við götuna, þegar eldurinn kom upp. Hann hefði staðið við eldhúsgluggann sem snúi að vettvangi. Hann hefði séð hvar karlmaður hefði kastað sólgleraugum og hulstrum út um glugga á annarri hæð, þriðja glugga frá vinstri. Stuttu seinna hefði hann séð sama mann ganga út úr húsinu til suðurs og halda á einhverjum flíkum. Honum hefði virst maðurinn í einkennilegu ástandi. Um tíu mínútum síðar hefði hann séð eld í sama herbergi. Hann lýsti mannum þannig að hann væri um sjötugt, grannur, gráhærður og óskeggjaður. Hann hefði séð þennan sama mann við húsið daginn áður. Hann hefði virst rífast við annan mann sem Í vísaði á og reyndist vera Ó.

Einnig var rætt við Ú sem var með Í að [...]. Hann kvaðst einnig hafa séð mann kasta sólgleraugum og hulstrum út um glugga. Því næst hefði maðurinn gengið út og suður Bræðraborgarstíg haldandi á einhverjum flíkum. Hann hefði verið gráhærður, milli sextugs og sjötugs, grannur með stórt nef og líklega austur-evrópskur. Þá var rætt við Ó en hann lýsti því að um væri að ræða ákærða. G var í miklu uppnámi en hún kvaðst þekkja ákærða. Hann byggði í herbergi við hlið hennar og hún kvaðst hafa hitt hann stuttu fyrir brunann inni í sameigninni að Bræðraborgastíg 1. Henni hefði fundist ákærði undarlegur í háttum og nokkuð æstur. Hann hefði sagst vera á leiðinni til Moskvu. Hann hefði verið klæddur í blá jakkaföt, gult bindi og dökka leðurskó. Ó og G voru flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku til aðhlynningar. Þá var rætt við Þ. Hann kvaðst ekki búa að Bræðraborgarstíg 1 en þekkja megnið af fólkinu sem byggði þar. Hann sagði að í íbúð í risi með glugga í suðurátt byggju C og unnusti hennar B, en í íbúð í risi með glugga til vesturs byggju A og unnusti hennar P. Þá var rætt við E og H sem bjuggu á Bræðraborgarstíg en þeir voru komnir inn í hópþreifreið á vegum Rauða krossins. Þeir sögðust hafa verið í sjálfheldu er þeim hefði verið bjargað út. Einnig var rætt við D og F í hópþreifreiðinni. Þeir sögðust búa á jarðhæðinni og hafa farið út er þeir hefðu orðið varir

við reykingu. Tveir einstaklingar voru handteknir á vettvangi, I og K, en þau fóru ekki að fyrirmælum lögreglu.

Stuttu eftir að tilkynning barst um brunann barst önnur tilkynning um karlmann í annarlegu ástandi við rússneska sendiráðið. Þar var ákærði handtekinn og passaði hann við lýsingu vitna að Bræðraborgarstíg. Í skýrslu lögreglu vegna aðkomu að rússneska sendiráðinu kemur fram að ákærði stóð efst í tröppum við dyrnar að sendiráðinu, barði á þær og öskraði. Sjá mátti föt, reiðufé og aðra muni á götunni. Ákærði var í blárri skyrtu, bláum buxum og berfættur. Lögreglumenn kveiktu á búkmyndavélum og fóru að hliðinu að tröppunum. Þaðan var ákærða kynnt að hann væri handtekinn og reynt að fá hann til að koma niður tröppurnar. Ákærði gekk í fyrstu niður en hætti skyndilega við og fór aftur upp. Lögreglumenn gengu því upp tröppurnar að ákærða sem tók þá upp gúmmímottu sem var í tröppunum og sló báða lögreglumennina með henni einu höggi. Mottan lenti á framhandlegg annars lögreglumannsins og í andliti hins. Ákærði var þá lagður niður í tröppurnar og settur í handjárn. Þar sem hann lét mjög ófriðlega og reyndi að sparka í lögreglumennina var hann einnig benslaður á fótum. Þegar verið var að handjarna hann sást að hann hélt á rauðum kveikjara í hægri hendi og sígarettupakka í vinstri hendi. Ákærði var færður inn í lögreglubifreið og beið þar ásamt lögreglumanni meðan rætt var við vitni og teknar ljósmyndir. Í ljós kom að ákærði hafði skráð heimili að Bræðraborgarstíg 1 og var fljótlega ljóst að hann væri grunaður um að hafa valdið brunanum þar. Ákærði reyndist óviðræðuhæfur, mjög ör og æstur og hvítur í munnvikum.

Rætt var við vitni, Æ, á vettvangi. Hann kvaðst hafa verið við vinnu skammt frá og hefði tekið eftir því að ákærði hefði barið í bifreið, öskrað og hent fötum í götuna. Hann hefði gengið í átt að honum til að ræða við hann meðan annar vegfarandi hefði hringt í lögregluna. Ákærði hefði þá farið inn á svæði rússneska sendiráðsins og lögregla komið á vettvang skömmu síðar. Ákærði hafði hengt upp fána merktan Pútín á sendiráðið auk þess sem hann hafði stillt upp ljósmynd af Mike Tyson á girðingu sendiráðsins.

Í málinu liggur fyrir nokkur fjöldi myndbanda, m.a. úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum, þar sem ákærði sást skömmu fyrir brunann. Á upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna sem komu að rússneska sendiráðinu sést ákærði standa efst í tröppum við hurð að rússneska sendiráðinu. Lögreglumennirnir gefa sig á tal við hann og reyna að fá hann til sín. Ákærði gengur niður tröppurnar í átt til þeirra en fer svo aftur upp tröppurnar og tekur upp gúmmímottu og slær lögreglumennina með henni. Þá sést handtaka ákærða efst í tröppunum á stigapallinum og sést þar hvar ákærði heldur á kveikjara í hægri hendi og sígarettupakka í þeirri vinstri. Ákærði er síðan borinn út í lögreglubifreiðina þar sem lögreglumaður situr yfir honum.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vann skýrslu um brunann. Í niðurstöðukafla kemur fram að allt bendi til þess að kveikt hafi verið í húsinu og líklega á tveimur stöðum.

Óháð því hvort kveikt var í af mannavöldum eða ekki þá hafi fleiri samverkandi þættir haft áhrif á að eldsvoðinn varð jafn mannskæður og raun bar vitni. Það sem gert hafi rannsóknina flókna hafi m.a. verið hröð eldsútbreiðsla og sá möguleiki að kveikt hafi verið í á mörgum stöðum. Eftir að rými verði alelda geti verið erfitt að sjá og meta atburðarásina með hefðbundinni rannsókn á rústunum. Því hafi verið ákveðið að gera brunalíkön af brunanum til að skoða hana betur. Gerðar hafi verið margar sviðsmyndir til að skoða helstu möguleika. Þótt ekki sé hægt að staðhæfa með fullkominni nákvæmni hvað hafi gerst, hjálpi líkönin mikið við að útiloka ákveðnar sviðsmyndir. Líkan 5 hermi ágætlega eftir þeirri atburðarás sem þarna hafi orðið. Niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var í rústunum daginn eftir brunann styðji líka að það sé líklegasta atburðarásin. Með þeirri aðferð að útbúa líkan sé jafnframt hægt að skyggast inn í húsið og skoða ýmislegt sem ekki hefði verið hægt að gera með öðrum hætti. Niðurstöður rannsóknarinnar bendi til þess að kveikt hafi verið í húsinu og að upptök hafi átt sér stað í tveimur rýmum nær samtímis, í svefnherbergi og á stigapalli.

Um hafi verið að ræða gamalt timburhús sem ekki hafi verið brunatæknilega vel úr garði gert í upphafi. Einangrun hússins hafi að mestu verið brennanleg, m.a. hálmur og spænicir, sem hafi auðveldað mjög útbreiðslu elds á milli hæða og herbergja auk þess sem erfiðara hafi verið að slökkva í slíku húsi. Klæðningar hafi almennt verið úr timbri sem auki á brunaálagið og hraði eldsútbreiðslu. Þetta hafi sérstaklega átt við timbur í loftum. Strigi hafi verið strengdur í loftin og hann málaður til að útbúa slétt loft eins og tíðkast hafi þegar húsið hafi verið byggt. Þessi margmálaði strigi hafi líkast til haft hvetjandi áhrif á eldsútbreiðsluna þótt ekki hafi verið tekið tillit til þess í líkönum rannsóknarinnar. Þá hafi verið framkvæmdar breytingar á húsinu sem ekki hafi verið í samræmi við samþykktar teikningar. Þær brunavarnir sem teikningar hafi gert ráð fyrir hafi ekki verið til staðar. Skoðun hafi leitt í ljós að brunahólfun hafi ekki verið á milli annarrar hæðar og rishæðar. Brunahólfun að stigahúsi sem sýnd sé á nýjustu samþykktu teikningum hafi ekki verið til staðar. Þá hafi hvorki verið brunahólfandi veggir né brunahólfandi hurðir. Þar að auki hafi ekki verið annar inngangur upp á aðra hæð eins og sýnt sé á teikningu frá 2000 en þar hafi verið þaðherbergi. Notkun hússins hafi enn fremur verið önnur en teikningar gerðu ráð fyrir og forsendur allt aðrar gagnvart brunaoýggi. Húsið hafi í raun verið notað til útleigu á herbergjum en ekki sem tvær íbúðir og hefði því átt að falla undir notkunarflokk 4 (gistiheimili, vinnubúðir og hótél), skv. núgildandi byggingarreglugerð. Eldri reglugerð hafi einnig gert ráð fyrir auknum brunavörnum á gistiheimilum. Breytt notkun hafi kallað á brunavarnir og eldvarnareftirlit. Þá hafi ekki verið litið til þess við samþykkt teikninga árið 2000 að um timburhús væri að ræða. Samkvæmt þágildandi byggingarreglugerð hafi þurft að brunahanna timburhús þar sem um sjálfstæða íbúð á efri hæð var að ræða. Samþykktar teikningar hafi gert ráð fyrir ákveðnum brunavörnum, t.d. brunahólfun á milli íbúða og björgunaropi í gluggum.

Hvorugt var til staðar í eldsvoðanum. Það verði því að teljast ólán að lokaúttekt sem fram fór árið 2000 hafi ekki tekið til annarrar hæðar og rishæðar. Það verði þó að líta til þess að mjög miklar breytingar hafa orðið í þróun öryggismála og sérstaklega þegar komi að brunavörnum.

Slökkvistarf hafi gengið vel eftir að vettvangurinn hafi verið fullmannaður og þær hörmulegu afleiðingar eldsvoðans að þrír einstaklingar hafi látist, dæmist á húsið, mögulega íkveikju og skipulag og ástand hússins. Fullmannaður vettvangur eftir sjö mínútur frá því að símtal barst Neyðarlínu hefði ekki breytt niðurstöðunni. En á útkallssvæði 1 sé miðað við að slökkvistarf sé hafið á vettvangi innan 10 mínútna frá boðun slökkviliðs. Í þessu tilfelli hefði ekki náðst að fullmanna vettvanginn fyrr en eftir 11 mínútur og 50 sekúndur.

Ö byggingarverkfræðingur var fenginn til að leggja mat á almannahættu sem myndaðist við eldsvoðann að Bræðraborgarstíg. Það var niðurstaða hans að telja mætti öruggt að um almannahættu hafi verið að ræða fyrir fólk þar sem íkveikjan í herberginu og í stigahúsinu hafi leitt til þess að gangarnir á annarri og þriðju hæð hússins hefðu orðið ófærir fyrir fólk á fáeinum mínútum. Aðrar flóttaleiðir frá hæðunum hafi ekki verið til staðar og því hafi þeim sem voru á annarri og þriðju hæð hússins verið bersýnilegur lífsháski búinn af íkveikjunni. Yfirgripsmiklar skemmdir hafi orðið á öllu húsinu sem og innbúi þannig að almannahætta af íkveikjunni hafi einnig verið til staðar vegna eigna.

Hraði útbreiðslu eldsins fari eftir því hvað sé að brenna í byrjun og hvernig eldurinn byrji. Þegar eldurinn hafi verið kominn af stað hafi hann farið að byggjast upp undir lofti herbergisins og síðan að streyma út um opnanlega gluggann og út um hurðina fram á gang. Reykurinn sem fari fram á gang leggist upp við loftið og berist síðan um ganginn með þeim loftstraumum sem hafi verið í húsinu. Með auknum hita í reyknum fari reykurinn að yfirvinna loftstraumana og fari að streyma eftir ganginum og upp um opinn stigann og inn á þriðju hæðina sem einnig fyllist af reyk. Eldurinn á stigapallinum hafi fyrst og fremst borist upp stigann og inn á þriðju hæðina. Ætla megi að reykur fari að breiðast út frá herberginu og fram á gang um efsta hluta hurðarinnar á um einni til tveimur mínútum frá því að eldurinn hafi verið kominn nokkuð af stað. Eftir að yfirtendrun eigi sér stað í herberginu, sem gerist þegar eldurinn er orðinn 1500-2000 kW, logi kröftuglega út um gluggann og hurðina fram á ganginn og megi ætla að það hafi gerst á fimm til sjö mínútum frá því eldurinn hafi verið kominn af stað.

Reykurinn í herbergi ákærða hafi byrjað á því að stíga upp að lofti og fylla rýmið fyrir ofan opnanlega gluggann og hurðina. Ætla megi að herbergið hafi verið orðið reykfyllt niður að efri brún hurðar og efri brún opnanlega gluggans á um einni til tveimur mínútum frá því að eldurinn hafi verið kominn af stað. Hvenær logahæðin sé orðin nægjanlega mikil til að loginn sjáist út um gluggann fari eftir sjónhæð þess sem sjái logann en ætla megi að logahæðin sé um einn metra frá gólfi eftir um eina til eina og

hálfu mínútu eftir að eldurinn sé kominn af stað. Logahæðin vaxi hratt með aukinni útbreiðslu eldsins um herbergið en jafnframt verði herbergið fljótt reykfyllt sem hindri að logarnir sjáist frá götu.

Þar sem húsið hafi ekki verið brunahólfað milli hæða og flóttaleiðir einungis niður stigann hafi íbúum á annarri og þriðju hæð strax verið hætta búin og gangarnir hafi fyllst af reyk og hita. Almenn sé miðað við að hætta fyrir fólk ráðist af hitastiginu í reyknum sem miðað sé við að sé ekki hærri en 100 til 150°C hitageislun á bert skinn, eða ekki meiri en 2,5 kW/m² sem gæti svarað til um 200°C við þak, ásamt skertu súrefnismagni og magni CO í reyknum. Ætla megi að þær aðstæður hafi verið komnar á þremur til fimm mínútum eftir að eldurinn hafi verið kominn af stað og farinn að breiðast um húsið.

Eldsupptakarannsókn var unnin af lögreglunni. Við rannsóknina komu í ljós fleiri en einn upptakastaður. Þar eru lágstu punktar brunuferla, mest brunnið og hefur brunnið lengst. Þau svæði eru ekki í samræmi við önnur brunnin svæði í og við þessa staði. Sambærileg efni á öðrum stöðum þar sem eldur logaði líka voru minna skemmd. Niðurstaða rannsóknarinnar var að eldsupptök hefðu verið vegna íkveikju af mannavöldum af ásetningi. Gáleysi var talið útilokað þar sem eldsupptakastaðir eru fleiri en einn og á aðskildum svæðum á hæðinni og rými milli upptakastaða voru minna brunnin og því útilokað að annar þeirra hefði kveikt eld á hinum.

Upptakastaðir eldsins reyndust vera gólf í rými við stigapall annarrar hæðar við stiga upp á þriðju hæð, en þar eru tveir upptakastaðir á gólfi, og í herbergi ákærða á gólfi undir og aftan við borð við suðurvegg. Þessir staðir teljist upptakastaðir því þeir beri með sér að þar hafi eldur byrjað. Þar séu lágstu punktar brunuferla, mest brunnið og hefur brunnið lengst. Þau svæði séu ekki í samræmi við önnur brunnin svæði í og við þessa staði. Sambærileg efni á öðrum stöðum þar sem eldur logaði líka voru minna skemmd. Engin raftæki og ekkert rafmagn hafi verið á eða í námunda við eldsupptakastaði og því útilokað að eldur hafi kviknað vegna bilunar eða af völdum rafmagns. Engin merki hafi verið um efni sem hafi þann eiginleika að kveikja í sér sjálf og þá er útilokað að utanaðkomandi þættir eins og sólarljós, núningur og annað hafi valdið hita sem gæti hafa kveikt í. Þótt ekki hafi fundist eldhvetjandi efni í sýnum teknum á vettvangi útiloki það ekki notkun þeirra. Vettvangurinn hafi lengi verið mjög blautur og á floti í vatni og mikið brunnin sem hafi áhrif á möguleika þess að finna leifar eldhvetjandi efna.

Sýni af vettvangi og úr fatnaði sem ákærði var í og með sér voru rannsökuð á rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Í skoli úr plastflösku sem fannst á vettvangi greindust engin lífræn efni. Í kolaræmu sem hituð var í pöknum sem flaskan var í og í sýni úr veggfjöl var vottur af lífrænum efnum sem mörg hver eru sameiginleg bensíni, en lítið magn þeirra gerði það að verkum að ekki var hægt að staðfesta með fullri vissu að um bensín væri að ræða. Í öðrum sýnum af brunastað og fatnaði greindist lítið af

lífrænum efnum en samsetning og innbyrðis hlutföll þeirra samsvöruðu ekki þekktum eldhvetjandi efnum. Niðurstaða rannsóknarinnar var því sú að ekki væri unnt að staðfesta eldhvetjandi efni í sýnunum.

AA réttarlæknir framkvæmdi réttarkrufningu á líkum þeirra þriggja sem létust á vettvangi. Niðurstaða hennar var að dánarorsök A hafi verið koloxíðeitrun í kjölfar innöndunar reyks. Ekki sé hægt að útiloka að áhrif bruna hafi verið meðverkandi að dauðanum. Að sama skapi var dánarorsök B talin vera koloxíðeitrun í kjölfar innöndunar reyks en ekki hægt að útiloka að brunaáverkar hafi verið meðverkandi að dauðanum. Dánarorsök C var hins vegar talin vera áverki á heilastofninn. Útlit áverkanna á kúpubotninum, heilanum, litla heilanum og heilastofninum bendi sterklega til þess að þeir hafi orðið við sljóan kraft í formi skyndilegrar neikvæðrar hröðunar í öxulstefnu líkamans, líklega í formi steytu með breiða ákomu á annað hvort hvirfilinn eða iljarnar/hælana. Eðli, útlit og innbyrðis afstaða þessara áverka samræmist því að þeir hafi orðið við einn og sama kraftatburð.

Í vottorði BB, sérfræðings í bráðalækningum, frá 9. júlí 2020, vegna L, kemur fram að hann hafi komið með sjúkrabíl á slysa- og bráðamóttöku. Hann hafi haft töluvert sót í báðum nösum og við varir en ekki í koki. Hann hafi haft smá yfirborðsleg sár á vinstri hendi og fótlegg. Blóðrannsóknir hafi sýnt hækkun á carboxyhemóglóbín í samræmi við að vera útsettur fyrir kolmónoxíð. Hann hafi fengið 100% súrefni með grímu og verið lagður inn á gjörgæsludeild á vegum kviðarhols- og brjóstaskurðlækna en hann hafi útskrifað sig gegn læknisráði að kvöldi til að fara og hugsa um aldraðan föður sinn.

Í vottorði sama læknis, sama dag, vegna J kemur fram að hann hafi verið fluttur meðvitundarlaus með sjúkrabíl á slysa- og bráðamóttöku. Komið hafi fram hjá sjúkraflutningamönnum að hann hafi stokkið fram af þriðju hæð húss. Hann hefði vaknað fljótt og margspurt sömu spurninga. Hann hefði ekki getað munað eftir slysi og ekki getað sagt hvar hann fyndi til. Við skoðun hafi sést nokkrir skurðir vinstra megin á höfði, glóðarauga vinstra megin, nokkrir smáir skurðir framan á brjóstakassanum og skurðir á báðum hnjám. Mikil reykjarlykt hafi verið af honum. Hann hafi haft væg eymsli í kviði og verið aumur yfir mjaðmagrind. Þá hafi hann haft glerbrot í bakinu. Taugaskoðun hafi að öðru leyti verið eðlileg. Blóðrannsóknir hafi sýnt hækkun á carboxyhemóglóbín sem samræmdist sögu um að hann hefði verið í logandi húsi. Sneiðmyndataka af höfði, háls hrygg, brjóstholi og kviðarholi hafi sýnt epidural blæðingu frontal vinstra sem að mati röntgenlæknis hafi þurft eftirfylgd, heilamar ("contrecoup" áverka) og subarachnoid blæðingu hægra megin í heilanum, útbreidd andlitsbrot vinstra megin, aðskotahluti undir húð sem hafi litið út fyrir að vera glerbrot vinstra megin í höfði, brot í höfuðkúpubotni, útbreiddar eldri breytingar í vinstri heilahveli sem taldar hafi verið ástand eftir fyrri áverka. Að áliti heila- og taugaskurðlækna hafi ekki verið þörf á bráðaaðgerð vegna

höfuðáverkans. Hann hafi verið lagður inn á gjörgæsludeild á vegum kviðarhols- og brjóstaskurðlækna.

Í vottorði CC sérfræðilæknis, frá 14. september 2020, varðandi J, kemur fram að hann hafi verið á gjörgæslu í sólarhring. Teknar hafi verið nýjar tölvusneiðmyndir af höfði nokkrum klukkustundum seinna til að útiloka aukningu á blæðingum í höfuðkúpu. Ekki hafi sést auknar blæðingar og ekki talið að blæðingarnar væru það miklar að þær krefðust skurðaðgerðar, en hann hafi verið fluttur á heila- og taugaskurðdeild til eftirlits. Hann hafi verið með fulla meðvitund allan tímann og borið sig nokkuð vel. Hann hafi haft vægan blóðhósta fyrstu tvo dagana og tölvusneiðmynd af brjóstholi hafi verið endurtekin til að leita að áverkum í öndunarvegi. Hann hafi reynst vera með blóðtappa í slagæðum lungna sem höfðu myndast í kjölfar slyssins og því verið settur á blóðþynningu. Einnig hafi þurft að gera að sárum á vinstra hné og vinstri hendi. Hann hafi hægt og rólega náð sér og útskrifast á sjúkrahótel 3. júlí 2020. Þann 4. ágúst hafi verið tekin eftirlitstölvusneiðmynd af heila sem hafi sýnt að blæðingar innan höfuðkúpu höfðu horfið. Ekki hafi verið fyrirhugað frekara eftirlit á heila- og taugaskurðdeild en blóðþynningarmedferð fram í október 2020. Höfuðáverkarnir hafi í eðli sínu verið hættulegir en hann hafi sloppið mjög vel. Blóðtapparnir sem hafi myndast sem afleiðing af fallinu hefðu einnig geta orðið hættulegt vandamál en hann hafi fengið skjóta meðferð við þeim.

Í vottorði DD, yfirlæknis lýtaskurðeildar Landspítala, vegna M, frá 3. september 2020, kemur fram að M hafi lagst inn á lýtaskurðeildina vegna brunaáverka. Hann hafi legið inni á vegum lýtaskurðlækna frá brunadegi til 25. ágúst 2020 en þá hafi hann hafið endurhæfingu á Grensásdeild spítalans. Hann hafi haft útbreiddan bruna á um 17% líkamans auk innöndunaráverka. Hann hafi verið vakandi í sjúkrabílnum við komuna með augljósan bruna á baki og efri útlimum. Gert hafi verið sneiðmyndayfirlit sem hafi ekki sýnt neina dulda áverka. Hann hafi því verið lagður inn á gjörgæslu vegna innöndunaráverka í lungum og brunasára, verið svæfður og hafður í öndunarvél. Hann hafi legið inni á gjörgæslu frá 25. júní til 3. júlí og svo aftur 6. til 15. júlí. Hann hafi þar fengið lungnabólgu sem hafi tekist að ráða niðurlögum á. Hann hafi farið í aðgerð til hreinsunar og lokunar á brunasárum 8. júlí en fram að því hafi verið skipt á brunasárum á gjörgæslu. Brunasárin hafi að mestu verið metin sem djúpir annarrar gráðu og á stöku stað þriðju gráðu brunar. Brunasárin hafi teygst sig yfir báða handleggi, handarbök og ofanvert á fingur, yfir hnéskeljar og svo að segja allt bakið. Öll þessi svæði hafi þurft endurbyggingu með hlutþykktarhúðágræðslu. Húð til ágræðslu hafi verið tekin af lærum og kálfum. Aðgerðin hafi gengið prýðilega og ágræddri húð tekið að mestu leyti. Þann 18. ágúst hafi verið gerð aðgerð til lagfæringar á fingrum og frekari lokunar á nokkrum sárum. Hann hafi fengið nýja hlutþykktarágræðslu með húð frá kálfum og 4-5 minni

háttar svæði á baki. Handaskurðlæknir hafi gert lagfæringu á sinum vinstri handar en mögulegt sé að hann þurfi frekari aðgerðir.

Í vottorði EE, sérfræðilæknis á slysa- og bráðadeild Landspítala, frá 8. september 2020, kemur fram að G hafi komið á bráðamóttökuna 25. júní 2020 vegna húsbrunans. Hún hafi kvartað um ertingarhósta í hálsi en sagst líða verst á sálinni eftir að sjá brunann og fólk hoppandi frá eldinum. Hún hafi verið vakandi og skýr með eðlileg lífsmörk. Hún hefði haft sót um nasir en ekki inni í nösnum eða í munni eða annars staðar í andliti. Blóðgas hafi verið í lagi og karboxyhemóglóbin 0,7% sem sé hættulaust. Hún hafi talist með hættulitla reykeitrún sem þurfi ekki frekari meðferð eða eftirlit. Hún hafi því verið útskrifuð með viðvaranir, ráðleggingar og upplýsingar. Hún hafi m.a. fengið upplýsingar um hjálp á vegum Rauða krossins og áfallateymi.

FF geðlæknir var dómkvaddur til að meta hvort ákærði hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á þeim tíma sem háttsemin sem ákært er fyrir átti sér stað eða eftir atvikum hvort ætla megi að refsing geti borið árangur, sbr. 16. gr. sömu laga. Í niðurstöðu matsmannsins kemur fram að [...]. Ákærði hafi verið [...] í Póllandi fyrir meira en 30 árum en segi það hafa verið til þess að losna undan herþjónustu og ekki liggi fyrir nánari upplýsingar um það. Ákærði sé reglusamur, noti mjög lítið áfengi og eigi enga sögu um misnotkun á lyfjum. Í maí 2020 hafi hann [...]. Hann hafi [...] um vikuskeið í kringum miðjan júní. Hann hafi [...]. Fram hafi komið hjá aðstandendum ákærða að nokkrum klukkustundum eftir að hann hafi fengið þær upplýsingar hafi hann [...]. Ákærði hafi [...] þar sem hann hafi verið handtekinn utan við rússneska sendiráðið. Hann hafi verið fluttur í fangelsi og síðar [...]. Hann hafi [...] og hann verið færður aftur í fangelsið. Undir lok júlímánaðar 2020 hafi hann verið orðinn [...]. [...]

Það er niðurstaða matsmannsins að engin spurning sé að ef sök sannast á ákærða hafi hann verið algjörlega ófær um að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á þeim tíma sem atburðir gerðust 25. júní 2020. Hegðun hans á þeim tíma hafi verið [...] og þótt hann muni eftir atburðarásinni í stórum dráttum [...]. Ekki sé að sjá [...].

Í viðbótarmatsgerð geðlæknisins, frá 4. október 2020, svaraði hann því hvort 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 gæti átt við um ákærða og hvort nauðsynlegt væri vegna réttaröryggis að gerðar verði ráðstafanir til að varna því að háski verði af ákærða með því að hann sæti öruggri gæslu, eða hvort beita skuli vægari ráðstöfunum, eða vistun á hæli, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga. Fram kemur í viðbótarmatsgerðinni að [...]. Ekki eigi því að refsa honum, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er það niðurstaða matsmannsins að ef sök sannast á ákærða skuli eftirlit með honum vera á [...].

Geðlæknarnir GG og HH voru dómkvödd sem yfirmatsmenn til að gera geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í matsgerð þeirra, frá 15. mars 2021, kemur fram að [...]

Ákærði hafi [...].

Það er álit yfirmatsmanna að ákærði [...] Ef sök sannast á ákærða hafi hann verið allsendis ófær um að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á þeim tíma sem atburðirnir gerðust, 25. júní 2020, vegna [...]. Þá eigi 16. gr. sömu laga ekki við um hann þar sem hann sé ósakhæfur og ekki eigi að refsa honum.

Einstaklingar með [...] þurfi í flestum tilvikum eftirfylgd og lyfjameðferð. Það sé því læknisfræðilega rökrétt að ákærði sæti öryggisvistun á viðeigandi stofnun til að meta sjúkdómseinkenni hans betur, eðli og þróun veikindanna, stilla inn lyfjameðferð og veita eftirfylgd. Yfirmatsmenn telja ekki stafa hættu af ákærða í því ástandi sem hann hafi verið frá [...]. [...].

Með yfirmatsgerðinni fylgdi skýrsla um taugasálfræðilega skoðun sem sálfræðingarnir II og JJ framkvæmdu á ákærða að beiðni yfirmatsmanna til að útiloka [...]. Var það niðurstaða þeirra að [...].

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði skoraðist undan því að gefa skýrslu fyrir dóminum en vísaði til skýrslna sinna hjá lögreglu og kvaðst hafa verið veikur á þessum tíma.

Vitnið G, kvaðst hafa búið að Bræðraborgarstíg 1 í mörg ár. Hún sagði læstan inngang hafa verið að annarri og þriðju hæð en annar inngangur hefði verið að fyrstu hæð hússins. Þar hefði oft verið mikið af fólki og lögregla hefði stundum verið kölluð til en hún hefði ekki þekkt til þess fólks og það hefði aldrei komið upp. Ekkert sérstakt hefði komið upp á milli nágrannanna og enginn ágreiningur verið uppi í húsinu. Þennan dag hefði hún verið inni í herberginu sínu þegar hún hefði fundið lykt af reyk. Þegar hún hefði opnað hurðina hefði verið orðið dimmt. Hún hefði þá hringt í eiginmann sinn sem hefði sagt henni að koma sér út sem fyrst. Hún hefði farið út ganginn skríðandi á hnjánum. Þegar hún hefði komið út hefði hún séð eld koma úr einu herberginu og hugsanlega líka af þriðju hæð hússins og reykur hefði verið um allt. Hún hefði séð íbúa hússins sem enn hefðu verið eftir inni. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða fyrr þennan dag. Hún hefði gengið fram hjá honum á stigaganginum þegar hún hefði komið heim og hann hefði virst mjög taugaspenntur og ólíkur sjálfum sér. Hann hefði gripið í hana, sagt eitthvað órökrétt og hegðað sér furðulega þannig að hún hefði orðið óttaslegin. Hann hefði viljað komast inn til hennar, en hún hefði náð að komast fram hjá honum og loka að sér. Hún hefði heyrt hávaða af ganginum og síðan úr herberginu hans. Hún hefði einnig orðið vör við að verið væri að henda einhverju út um gluggann í herberginu. Skömmu síðar hefði hún fundið lyktina. Hún kvað atvikið hafa haft mikil áhrif á líf sitt

og líðan en hún hefði einungis nýtt sálfræðiaðstoð fyrst eftir það. Hún hefði kannast við fólkið sem lést.

Vitnið KK bjó með eiginkonu sinni, G, að Bræðraborgarstíg en var við vinnu er bruninn kom upp. Hann kvað eiginkonu sína hafa hringt og sagt sér að nágranni þeirra, ákærði, væri að hegða sér illa. Hann hefði verið aðgangsharður og kallað hana öllum illum nöfnum. Hún hefði hringt aftur skömmu síðar og þá hefðu heyrst högg og öskur á ganginum. Hún hefði svo hringt á ný og sagt að líklega væri eitthvað að brenna. Hún hefði verið lokuð inni í herbergi og hrædd við að fara út. Hann hefði fyrst sagt henni að vera lokuð inni í herbergi og fara ekki út vegna nágrannans. En þegar hún hefði fundið að það væri eldur hefði hann sagt henni að flýja úr herberginu. Hún hefði opnað og sagt að það væri mjög dimmt á ganginum. Hann hefði sagt henni að flýja. Hún hefði lokað sig inni í smástund en síðan tekið einhverja nauðsynjamuni og lagt á. Hann hefði svo heyrt í henni aftur þegar hún hefði verið komin út. Vitnið kvað samskipti í húsinu hafa gengið vel. Engar útistöður hefðu verið við eða á milli nágranna. Hann hefði aldrei séð ákærða í svona ástandi eins og eiginkona hans hefði lýst þennan dag. Það hefði komið fyrir að lögreglan hefði verið kölluð til en það hefði verið vegna leigjenda á fyrstu hæð sem hefðu haft annan inngang í húsið. Inngangurinn upp á aðra og þriðju hæð hefði yfirleitt verið læstur. Hann vissi ekki til þess að fólk af fyrstu hæð hefði komið þarna inn.

Vitnið M kvaðst hafa orðið var við breytta hegðun ákærða. Ákærði hefði tvisvar komið til hans daginn sem bruninn varð og verið mjög ör. Hann hefði einnig orðið þess var að ákærði hefði farið til nágrannakonu þeirra. Ákærði hefði komið með peningaseðla og sagt eitthvað glórulaust. Hann hefði sett peningana á borðið og ætlað að ræða þetta við ákærða þegar hann kæmi aftur. Hann hefði svo sest og horft á sjónvarpið og ekki orðið neins var. Nokkru síðar hefði hann farið fram fyrir tilviljun og brugðið þá mjög við að sjá mikinn eld. Hann hefði þá farið aftur inn í herbergið. Hann hefði viljað fara út um gluggann en hann hefði verið of lítill. Reykurinn hefði farið að koma undir hurðina og hann hefði þá ákveðið að fara út í gegnum ganginn. Hann hefði sett utan um sig sæng og farið skriðandi á hnjúnum eftir ganginum. Það hefði verið erfitt að anda en hann hefði náð að komast út með brennd hné, hendur og bak. Hann hefði legið á spítala í tvo mánuði og verið haldið sofandi í einn mánuð. Hann hefði þurft að fara í húðágræðslu, en skinn hefði verið tekið af fótum og sett á bakið og hendurnar. Hann hefði mikið af örum og væri enn til meðferðar hjá læknum, sjúkrapjálfa og sálfræðingi.

Vitnið H kvaðst hafa verið heima hjá sér á Bræðraborgarstíg þennan dag. Hann hefði verið í innsta herberginu á annarri hæð með heyrnartól á eyrunum. Skyndilega hefði hann séð reyk koma inn við hurðarkarminn og heyrt raddir í gegnum heyrnartólin. Hann hefði opnað dyrnar og þá hefði svartur, þykkur reykur komið inn í herbergið. Hann hefði lokað dyrunum, brotið glugga á herberginu og farið þar út á þak. Félagi hans hefði einnig komið út á bakið um gluggann á hans herbergi. Nágranni hefði komið með tröppur og

lögregla og sjúkraflutningamenn hefðu hjálpað þeim niður. Hann kvaðst hafa upplifað sig í hættu. Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærða vel en ekki hafa haft nein slæm kynni af honum. Hann minntist þess ekki að hafa séð hann þennan dag. Hann taldi engin vandamál hafa komið upp meðal íbúa í húsinu en þó hefði eitthvað komið upp hjá fólki á fyrstu hæðinni sem hann þekkti ekki en það hefði haft annan inngang í húsið.

Vitnið L kvaðst hafa lokið vakt í vinnunni um kl. 14:50 þennan dag. Hann hefði farið heim og svo aftur út til að kaupa sér mat. Þá hefði nágrannakona hans verið í eldhúsinu að útbúa mat. Þegar heim hefði verið komið, um kl. 15, hefði hann útbúið „instant“ súpu í herberginu sínu á þriðju hæð. Á meðan hann hefði beðið þess að súpan væri tilbúin hefði hann heyrt hróp á pólsku. Þar sem hann skilji ekki pólsku hefði hann ekki vitað nákvæmlega hvað væri í gangi. Þegar hrópin hefðu farið hækkandi hefði hann ákveðið að fara fram til að sjá hvað væri í gangi. Þegar hann hefði opnað dyrnar hefði hann ekkert séð nema reyk. Svo hefði hann séð konuna sem hefði búið í herberginu við hliðina á honum. Hún hefði ætlað út en komið til baka þar sem það hefði ekki verið hægt og hún hefði verið logandi þegar hún hefði komið til baka. Hann hefði þá orðið mjög hræddur, farið til baka og lokað dyrunum. Hann hefði heyrt J, nágranna sinn, brjóta rúðuna hjá sér og honum hefði dottið í hug að bleyta bol með vatni og halda fyrir munninn á sér. Hann hefði svo hringt á neyðarlínuna og beðið en herbergið hefði tekið að fyllast af reyk. J hefði ætlað að hoppa. Hann hefði ráðlagt honum að gera það ekki heldur bíða smá. Hann hefði ekki hlustað heldur hoppað niður. Hann hefði þá líka brotið rúðuna hjá sér nóg til að geta andað. J hefði legið á jörðinni og hann hefði passað að glerin færu inn, en ekki út yfir hann. Hann hefði svo beðið eftir hjálp með andlitið út um rúðuna. Þetta hefðu kannski verið fimm mínútur en virst langur tími þar sem hann hefði haldið að hann væri að deyja. Á meðan hefði hann beðið til guðs um hjálp. Hann muni svo næst eftir að vakna á spítala. Hann hefði ekki slasast en þetta hefði fengið mikið á hann andlega. Hann vakni á nóttunni og dreymi illa. Honum finnst hann finna reykjarlykt og líði eins og húsið sé logandi. Þá hugsar hann mikið um það hvort hann hefði getað bjargað einhverju. Hann hefði fengið aðstoð frá sálfræðingi í upphafi en síðan viljað ná tókum á þessu sjálfur. Hins vegar glími hann enn við þessi einkenni annað slagið. Vitnið kvað sambylið í húsinu hafa gengið vel þótt einhver atvik hefðu komið upp vegna partístands í húsinu. Vesen hefði þó verið á fólki á jarðhæðinni.

Vitnið J kvaðst hafa verið sofandi heima á þriðju hæðinni í húsinu á Bræðraborgarstíg og vaknað við öskur. Öskrin hefðu verið frá öðrum íbúa á hæðinni, við endann á ganginum. Hann hefði staðið upp, hlaupið til dyra og opnað fram á gang. Gangurinn hefði verið fullur af svörtum reyk sem hefði ekki verið hægt að sjá í gegnum. Svo hefði virst sem eldur logaði við enda gangsins. Hann hefði lokað að sér en reykurinn hefði virst koma inn frá gólfinu. Hann hefði þá tekið stól og brotið gluggann. Hann hefði ætlað að halla sér fram úr glugganum og bíða eftir slökkviliðinu en það hefði verið svo

mikill kraftur á reyknum að hann hefði átt í erfiðleikum með að anda og hefði því tekið ákvörðun um að stökkva. Hann hefði brotið rúðuna og skorið sig á höndunum við það. Hann hefði svo hangið út um gluggann og sleppt. Hann hefði skolið í jörðina og misst meðvitund. Hann hefði fengið meðvitund aftur á gjörgæslunni. Hann hefði verið í viku á spítalanum en smám saman náð sér líkamlega fyrir utan örin. Hann hefði misst allt sem hann hefði átt í eldinum. Hann vakni oft sveittur á nóttunni en væri þó ekki viss hvort það tengdist eingöngu þessu atviki. Hann kvaðst kannast við ákærða en þeir hefðu ekki haft mikil samskipti. Samskiptin í húsinu hefðu verið góð en þó hefði verið vesen á pari á jarðhæðinni og stundum hefði þurft að kalla til lögreglu.

Vitnið E kvaðst hafa dormað í rúminu sínu þegar reykurinn hefði vakið hann. Hann hefði staðið upp og séð reyk koma undan hurðinni og mikinn reyk upp við loftið. Hann hefði snert hurðarhúnninn og fundið að hurðin og húnninn hefðu verið heit. Hann hefði heyrt eitthvað frá nágranna sínum eins og „drullaðu þér út“. Hann hefði stokkið út um opinn gluggann út á þak. Það hefði verið stórt opnanlegt fag hjá honum. Hann hefði hjálpað nágranna, úr innsta herberginu, að komast út á þakið en þar hefði þurft að rífa gluggann úr. Þeir hefðu legið á þakinu vegna reyksins og verið þar einhverja stund þangað til slökkviliðið hefði komið og hjálpað þeim niður. Nágranni hefði einnig komið með tröppur og svo hefðu sjúkrabílar, lækna og sálfræðingar komið á staðinn. Sót hefði komið úr nefinu á honum. Hann væri ennþá í meðferð eftir þetta hjá læknum og sálfræðingum. Hann kvaðst hafa kannast við ákærða, sem hefði búið í herberginu á móti honum. Ákærði hefði verið hlédrægur og samskiptin hefðu verið lítil. Hann kannaðist ekki við neinar sérstakar athugasemdir frá ákærða eða uppákomur. Hann hefði þó orðið var við furðulega hegðun hans eftir að hann hefði komið til baka af sjúkrahúsi skömmu fyrir brunann. Hann hefði virst taugaspenntari. Hann kannaðist við að lögregla hefði verið kölluð að húsinu vegna íbúa þess en þar hefði verið um að ræða fólk sem hefði búið á jarðhæð hinum megin í húsinu. Hann hefði ekki verið í neinu sambandi við það fólk.

Vitnið Ó kvaðst hafa verið á leiðinni heim úr meðferð á spítala og því ekki verið heima þegar eldurinn hefði komið upp. Hann hefði fengið símtal frá A sem hefði öskrað í símann „bjargaðu þér“ en svo hefði sambandið slitnað. Hann hefði búið í herbergi á annarri hæð ásamt E. Ákærði hefði búið á móti honum en samskipti þeirra hefðu ekki verið mikil. Hann hefði hitt hann að morgni þessa dags og rætt stuttlega við hann. Hann hefði verið undarlegur, en breyting hefði orðið á honum eftir að hafa dvalið á spítala stuttu áður. Hann hefði ekki haft tíma til að ræða mikið við hann þennan dag. Hann kannaðist ekki við rifrildi þeirra á milli. Hann hefði farið út með honum daginn áður og drukkið einn bjór.

Vitnið D kvaðst hafa verið heima á annarri hæð viðbyggingarinnar í sóttkví og stundað fjarnám. Hann hefði skyndilega heyrt hávaða og óp fyrir utan. Hann hefði hlaupið út að glugga og séð fólk á hlaupum og upphaflega talið að brotist hefðu út

slagsmál eða eitthvað þannig. Það næsta sem hann muni hafi verið brunalykt. Hann hefði sagt við herbergisfélagana sinn að skynsamlegast væri að þeir myndu yfirgefa bygginguna. Hann hefði farið út og niður tröppurnar. Þegar niður hefði verið komið hefði lögreglan verið komin. Hún hefði vísað honum út og spurt hvort einhverjir væru ennþá í húsinu. Hann hefði árangurslaust reynt að ná símasambandi við vin sinn. Nokkrum mínútum síðar hefði komið sjúkrabíll. Vinur hans hefði svo komið út og sagst hafa verið að hjálpa fólki að komast út. Hann hefði einnig séð mann stökkva út úr húsinu og lenda á ruslatunnu. Svo hefði stór bíll frá Rauða krossinum komið og farið með þá af vettvangi. Á jarðhæð viðbyggingarinnar hefði lögregla annað slagið verið kölluð til en hann kvaðst ekki þekkja íbúana þar og ekki vita til þess að það hefðu verið sérstök vandkvæði með þau.

Vitnið F kvaðst hafa verið sofandi heima í sóttkví. Hann hefði vaknað við að herbergisfélagi hans hefði vakið hann. Hann hefði klætt sig um leið og hann hefði áttað sig á hvað hefði gerst og flýtt sér niður. Hann hefði séð unga konu henda sér út um glugga til að bjarga sér frá eldsvoðanum. Hann hefði ásamt fleirum aðstoðað við að koma henni í sjúkrabíl. Hann kvaðst kannast við fólk á fyrstu hæð viðbyggingarinnar en ekki hafa haft nein samskipti við það. Það hefði m.a. verið íslenskt par. Það hefði verið vesen á þeim og lögreglan hefði komið vikulega til þeirra. Þetta par hefði verið það síðasta sem lögreglan hefði fært út úr húsinu í brunanum.

Vitnið K kvaðst hafa búið á jarðhæð hússins að Bræðraborgarstíg. Inngangurinn hjá þeim hefði verið á bakvið húsið en einnig hefði verið hægt að komast inn um tvo aðra innganga. Hann hefði verið inni við að hengja upp þvott og séð fólk fyrir utan. Hann hefði þá farið út og litið upp og séð að húsið hefði verið alelda. Hann hefði þá farið inn, vakið sambýliskonu sína og sagt henni að taka eitthvað dót. Hann hefði svo farið aftur út. Fólk hefði verið hlaupandi um í áfalli og honum hefði sýnst hann sjá manneskju hlaupandi inni í eldinum. Svo hefðu slökkvilið, sjúkrabílar og lögregla komið á staðinn. Tvær manneskjur hefðu verið við gluggann þar sem eldur hefði logað hinum megin í húsinu. Hann hefði rætt við mann með stiga og farið og gripið ruslagám og sett upp að húsinu þannig að hægt væri að hoppa niður í hann. Fleiri hefðu aðstoðað við það, m.a. sambýliskona hans. Einhver kona hefði hoppað út en snúist á hlið í fallinu með þeim afleiðingum að höfuð hennar hefði rekist í gáminn og hún látist. Fólk hefði ekki vitað hvað það átti að gera á staðnum en reynt hefði verið að fara með stiga upp að húsinu. Maður hefði ætlað að klifra niður hann en glugginn hjá honum hefði sprungið þannig að hann hefði flogið niður á plan. Hann hefði verið á nærbuxunum þannig að hann hefði hlaupið aftur inn í brennandi húsið til að fara í föt, en eldurinn hefði ekki verið á hans hæð. Hann hefði jafnframt ætlað að koma dekkjum og felgum sem hann hefði átt út, í dómgreindarleysi. Hann hefði hins vegar verið keyrður niður af lögreglumanni og rifbeinsbrotnað við höggið, en hann hefði verið viðkvæmur eftir að lenda í bílslysi stuttu

áður. Hann hefði svo verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Sambýliskona hans hefði jafnframt verið handtekin þar sem hún hefði ætlað inn í húsið. Hann hefði séð að hún hefði verið handtekin og tekin svolítið harkalega þannig að hún hefði þeyst í dyrakarminn á leiðinni út og fengið höfuðhögg. Hann kvaðst ekki hafa þekkt til íbúa á efri hæðum hússins, einungis þá sem voru á jarðhæð. Hann hefði aldrei farið upp en inngangurinn þangað væri hinum megin við húsið. Hann kvaðst ekki muna eftir því að lögregla hefði verið kölluð að heimili hans nóttina fyrir brunann, en hann hefði verið í neyslu á þessum tíma. Hann myndi þó að lögreglan hefði komið nokkrum sinnum á þeim tíma sem hann hefði búið þarna.

Vitnið I kvaðst hafa sofið í rúmi sínu undir áhrifum fíkniefna er sambýlismaður hennar hefði vakið hana og sagt að það væri kviknað í. Hún hefði átt erfitt með að trúá honum þar sem hún hefði ekki heyrt neitt, en þau hefðu farið út og séð að húsið hefði staðið í ljósum logum. Þau hefðu orðið vitni að mjög óhugnanlegum hlutum og hún hefði m.a. hjálpað til við að færa til ruslatunnu. Hún hefði farið aftur inn þar sem sambýlismaður hennar hefði beðið hana um það. Hún hefði áttað sig á því að lögreglan hefði ekki farið þarna niður og því bankað á allar hurðir og reynt að brjóta eina upp til að leita að ketti vinkonu sinnar. Hún hefði verið á leiðinni út er lögreglan hefði komið og handtekið hana. Þeir hefðu gripið hana á lofti og hent henni út. Henni hefði verið sagt eftir á að hún hefði óhlýðnast fyrirmælum. Hún kvað þó ekki rétt að hún hefði ekki viljað fara út úr húsinu. Þau hefðu búið á jarðhæðinni með glugga út að Bræðraborgarstíg. Inngangurinn þeirra hefði verið í portinu og verið sameiginlegur öðrum herbergjum á jarðhæð. Ekki hefði verið hægt að komast inn á efri hæðir í gegnum hann. Hún hefði aldrei farið þangað upp og engin samskipti átt við fólk þar. Hún kvað sig ráma í afskipti lögreglu nóttina áður vegna heimilisofbeldis. Hún hefði farið að sofa fljótlega eftir það og sofið þungum svefni þar til sambýlismaður hennar hefði vakið hana vegna brunans.

Vitnið Í kvaðst hafa unnið við að gera upp hús á [...] á móti húsinu við Bræðraborgarstíg. Hann hefði verið búinn að taka glugga úr húsinu til að skipta um en hefði verið í matarhléi þar inni ásamt húseigandanum. Eldhúsið sé beint á móti Bræðraborgarstíg og þeir hafi séð vel að húsinu í gegnum gluggalausa opið. Þeir hefðu tekið eftir skarkala úti, litið út og séð að verið væri að henda sólgleraugum út um glugga á annarri hæð. Þetta hefðu verið um fimm þör. Þar hefði verið maður, sem hann hefði séð daginn áður fyrir utan húsið og þá látið heldur skringilega og verið æstur og ör. Hann hefði einnig séð konu koma í annan glugga hússins og bent henni á gluggann við hliðina. Um fimm mínútum síðar hefðu þeir séð manninn sem hefði kastað sólgleraugunum koma út úr húsinu hinum megin við hornið með föt á bakinu á herðatrjám og hann hefði gengið upp Bræðraborgarstíginn. Þegar hann hefði verið búinn í mat um fimm mínútum seinna hefði hann farið út til að halda áfram með gluggann. Húseigandinn hefði þá verið farinn að sækja son sinn. Hann hefði þá séð mikinn reyk koma út um gluggann sem

sólgleraugunum hefði verið hent út um. Hann hefði þá hringt á slökkviliðið og á meðan hann hefði verið í símanum hefði eldur gosið út um gluggann. Hann hefði farið að berja húsið að utan þar sem hann hefði séð einhverja hreyfingu þar og tekið í útidyrhurðina sem leiddi upp á aðra og þriðju hæð en hún hefði verið læst. Síðan hefði fólk farið að koma út í glugga. Hann hefði sótt stigann sinn, en hann hefði einungis náð upp á aðra hæð. Einhverjir hefðu komist þaðan út. Fólk hefði hlaupið í allar áttir. Sjúkrabíll hefði fljótlega komið. Hann hefði hringt í húsráðandann sem hann hefði verið að vinna fyrir til þess að láta hann vita hvað væri að gerast þar sem húsið hans hefði getað verið í hættu. Þeir hefðu svo farið í að bleyta húsið hans þegar slökkviliðið hefði verið komið þar sem það hefði verið búið að taka klæðninguna af húsinu og vantað hefði glugga. Húsið hans hefði hitnað og ef áttin hefði breyst hefði líka kviknað í því. Hann kvað þá húseigandann áður hafa rætt um brunahættu af húsinu. Húseigandinn hefði sagt honum að hann hefði margoft sent kvartanir og viðvaranir vegna eldvarnarfyrirkomulagsins þarna.

Vitnið Ú kvaðst hafa verið með smið að skipta út gluggum í húsinu hans á [...] við hornið við Bræðraborgarstíg sem snúi beint að húsinu sem hefði brunnið. Einungis örfáir metrar séu á milli húsanna. Þeir hefðu skyndilega heyrt læti og séð einhvern henda dóti út um gluggann á húsinu á móti á annarri hæð, þriðja glugga frá horni. Hann hefði ekki séð þann sem henti dótinu út í gegnum gluggann. Hann hefði séð nágrannakonu sína, G, í næsta glugga við hliðina. Hún hefði yppt öxlum eins og hún væri að velta því fyrir sér hvað væri um að vera. Þeir smiðurinn hefðu farið inn að borða en örfáum mínútum síðar hefðu þeir séð mann rjúka út úr húsinu. Hann hefði komið út um aðalinnganginn og farið upp götuna og verið með einhvers konar klæði á öxlunum. Hann hefði kannast við manninn eftir að hafa séð hann við húsið en taldi hann ekki hafa búið þar mjög lengi. Hann hefði síðan fengið símtal frá syni sínum sem hefði beðið hann að sækja sig í Nauthólsvík og hefði þá verið að ganga út í bílinn sem hefði verið lagt á lóðinni framan við húsið. Hann hefði ekki litið í átt að húsinu við Bræðraborgarstíg. Smiðurinn hefði síðan hringt þegar hann hefði verið kominn í Nauthólsvík og sagt að það væri kominn mikill eldur í húsið beint á móti sem stæði út um glugga og hann yrði að koma strax. Þegar hann hefði komið til baka hefðu eldtungur staðið út um sama glugga og dótinu hefði verið hent út um. Slökkvilið og sjúkralið hefðu verið að koma á sama tíma og hann. Ástandið hefði verið mjög slæmt. Það hefði verið blóð á götunni og allir í áfalli. Hann taldi að það hefði verið vesen á íbúum í viðbyggingunni fyrir aftan, en ekki á þeim sem hefðu búið á annarri og þriðju hæð. Flestir þarna væru farandverkamenn eða fólk sem hefði búið hér lengi. Hann hefði skoðað húsið á Bræðraborgarstíg og væri sjálfur arkitekt. Hann vissi til þess að einungis einn inngangur væri að annarri og þriðju hæð hússins, en annar inngangur væri fyrir jarðhæðina.

Vitnið LL lögreglumaður kvaðst hafa komið á vettvang í fyrsta lögreglubílnum eftir tilkynningu um eldsvoða. Þegar þeir hefðu mætt hefðu þeir séð að önnur og þriðja

hæðin voru orðin alelda. Mikil ringulreið hefði verið á staðnum og þeir hefðu séð fólk í gluggum að reyna að komast út og strax farið að reyna að aðstoða fólkið við að komast út. Þeir hefðu farið að suðurhlið hússins en sjúkraliðar hefðu verið að hlúa að manni við norðurhliðina, sem hann hefði grunað að hefði verið inni í húsinu. Kona og maður á þriðju hæð hefðu staðið við opnanlegt fag á glugga og hrópað og þeir hefðu farið að reyna að aðstoða þau. Þeir hefðu ekki haft stiga og slökkviliðið hefði ekki verið komið. Þeir hefðu því lítið getað gert. Fólkið hefði í raun verið hjálparlaust þarna uppi. Konan hefði klifrað út um gluggann og fólk fyrir utan hefði hrópað að henni að hoppa niður. Hann hefði vitað að það gæti endað illa og því reynt að segja henni að hinkra og það væri slökkvibíll á leiðinni. Þá hefði einhver sett stóra ruslatunnu alveg upp við vegginn beint undir gluggann. Honum hefði virst konan missa takið frekar en hoppa niður. Líkami hennar hefði lent ofan í ruslatunnunni en hnakkinn hefði lent á kantinum. Hún hefði strax misst meðvitund og mikið blóð hefði komið út úr nefinu á henni. Hann hefði ásamt bráðaliða dregið ruslatunnuna út á götu og tekið konuna upp úr ruslatunnunni og endurlífgunartilraunir hefðu strax hafist. Hann hefði ekki verið búinn að átta sig á því þarna að annar maður væri uppi í glugganum. Félagi hans hefði verið að reyna að aðstoða hann. Hann hefði litið til hans og séð að portið sem þeir voru í hefði verið að fyllast af reyk. Nágranni hefði komið með stiga sem hefði rekist í rúðuna fyrir neðan. Rúðan hefði strax sprungið, önnur hæðin orðið alelda og eldtungurnar stigið út þannig að allt hefði fyllst af reyk. Hann hefði því sótt féлага sinn svo hann kafnaði ekki í reyknum. Á meðan hefði sjúkralið hlúð að konunni og þegar hann hefði litið á þau aftur hefðu þau verið farin með konuna í sjúkrabílnum, en hún hefði látist. Maðurinn sem hefði verið inni hefði horfið í reykinn og þeir hefðu ekki getað hjálpað honum. Stuttu seinna, þegar einn eða tveir slökkvibílar hefðu verið komnir, hefði slökkviliðsmaður beðið hann um aðstoð við að sækja stiga á slökkvibílinn til að sækja mann á norðurhlið hússins sem hefði brotið rúðu og setið í glugganum. Í framhaldinu hefði hann farið að tala við vitni og leita upplýsinga. Nágranni úr húsinu á móti hefði komið og sagt honum að hann vissi hver hefði kveikt í húsinu. Grunur um íkveikju hefði vaknað vegna þessara ummæla sem hefði styrkst við samtöl við fleiri vitni. Þá hefði eðli brunans og hröð útbreiðsla hans líka vakið grunsemdir. Smiður og íbúi úr húsinu á móti hefðu greint honum frá einkennilegri hegðun manns í húsinu en herbergi hans hefði verið orðið alelda nokkrum mínútum eftir að hann hefði yfirgefið húsið. Hann hefði einnig rætt við flesta íbúa hússins sem hefðu verið heima og komist úr. Tilgangurinn hefði einkum verið að komast að því um hvaða mann væri að ræða. Kona úr herberginu við hliðina á hefði sagt honum um hvern væri að ræða og lýst einkennilegri hegðun hans. Hún hefði sagt að ákærði hafi verið mjög æstur og sagst vera á leiðinni til Moskvu. Mennirnir úr næsta húsi hefðu gefið greinargóða lýsingu á honum. Stuttu síðar hefði verið útkall við rússneska sendiráðið þar sem maður lét öllum illum látum. Hann hefði haft samband við lögreglumennina sem

hefðu farið þangað. Þeir hefðu verið með mann að sama nafni þar í sams konar jakkafötum og hann hefði kynnt þeim að þetta nafn hefði borið á góma á þessum vettvangi.

Vitnið MM lögreglumaður kvaðst hafa komið fyrstur á vettvang ásamt félagá sínum. Þeir hefðu keyrt inn Vesturgötu og séð mikinn reyk. Mikill fólksfjöldi hefði verið á staðnum og mikil ringulreið, hróp og köll. Mikill eldur og reykur hefði sést og þeir hefðu séð fólk í glugga á þriðju hæðinni. Sjúkrabíll hefði komið á svipuðum tíma. Þeir hefðu ekki verið með neinn búnað til að fara í björgunaraðgerðir svo þeir hefðu í raun ekki getað annað en kallað til fólksins. Mikil geðshræring hefði verið á staðnum. Einhver hefði komið með ruslatunnu og kallað til fólksins að hoppa. Honum hefði sjálfum ekki litist vel á það en kona á þriðju hæð hefði farið út um gluggann. Hann vissi ekki hvort hún hefði misst takið við að klifra út en hún hefði farið niður og lent í ruslatunnunni en skolið með höfuðið í og misst meðvitund. Tunnan hefði verið dregin til hliðar og á sama tíma hefði einhver vegfarandi komið með útdraganlegan stiga og lyft honum upp að húsinu án þess að draga hann út. Hann hefði tekið stigann af þessum manni og beðið hann um aðstoð við að draga hann út. Hann hefði lyft stiganum upp að húsinu og við það hefði hann farið utan í glugga á annarri hæðinni. Mikill reykur hefði verið þar fyrir en við það hefði gosið út enn meiri reykur. Hann hefði náð að leggja stigann nálægt glugganum upp á þriðju hæðinni, eða rétt fyrir neðan. Hann hefði heyrt í mannum þar fyrir innan og náð augnsambandi við hann. Það hefðu heyrst öskur og hann hefði horfið inn í reykinn. Síðan hefði komið kranabíll frá slökkviliðinu og hann hefði kallað að það væri maður þarna uppi á efstu hæðinni í reyknum og eldinum. Engu að síður hefði verið ljóst að ekki hefði verið hægt að koma við björgunaraðgerðum. Hann hefði hlaupið niður fyrir húsið Vesturgötu megin en þar hefði komið slökkvibíll að og slökkvilið hefði reist stiga upp á þriðju hæðina og náð einhverjum þar út. Hann hefði síðan hlaupið aftur fyrir húsið þar sem annar lögreglumaður hefði kallað að fólk hefði farið inn baka til í garðinum. Hann hefði séð tvo innganga en ekki vitað um hvorn þeirra væri að ræða. Hann hefði farið að öðrum þeirra, sparkað hurðinni upp en þar hefði enginn verið. Þá hefði hann farið út og séð sérsveitarmenn sem hefðu verið búnir að koma tveimur aðilum út um hinn innganginn og verið að koma þeim í burtu. Þau hefðu verið að tala um að sækja dekk eða eitthvað slíkt, en ástand þeirra hefði verið slæmt og þau hefðu verið fjarlægð til að tryggja frið á vettvangi.

Vitnið NN lögreglumaður kvaðst hafa komið á vettvang á vegum sérsveitarinnar. Þeir hefðu boðið sig fram í útkallið þegar þeir hefðu heyrt í gegnum fjarskiptin að ástandið væri að stigmagnast. Þeir hefðu verið með þrjá bíla og þegar þeir hefðu verið á leiðinni hefðu fjarskipti beðið þá um að sinna einhverjum óðum aðila við sendiráð. Aftasti bílinn hefði farið þangað á meðan tveir bílar hefðu farið á brunavettvanginn. Einn eða tveir sjúkrabílar hefðu þegar verið komnir á staðinn og fleiri verið að koma. Hann

hefði séð konu liggjandi við ruslatunnu sem hefði staðið í ljósum logum og tvo aðra liggja. Almennir borgarar og sjúkraflutningamenn hefðu verið að sinna þeim. Fólk hefði kallað að fleiri væru inni og þeir hefðu strax reynt að staðsetja fólkið og bjarga því út úr húsinu. Þeir hefðu reynt að gera það sem þeir gátu á meðan slökkviliðið var að koma. Varðstjórinn hans hefði reynt að koma stiga upp á þriðju hæðina. Maður hefði verið í glugganum og verið búinn að brjóta rúðu og andað út, en annar maður hefði verið búinn að hoppa út um gluggann við hliðina á. Annar félagi hans hefði séð tvo menn liggjandi uppi á þaki viðbyggingar hússins, en þeir hefðu ekki svarað þegar kallað hefði verið á þá. Þeir hefðu kallað hvort einhver væri með stiga og maður hefði komið með einn sem hann hefði komið upp að aftanverðu. Hann hefði verið í reykmeckkinum frá húsinu og eldtungurnar að koma út. Þeir hefðu náð að komast upp á svalapall á annarri hæð hússins og þaðan upp á viðbygginguna til þess að bjarga mönnunum tveimur niður. Annar maðurinn hefði átt erfitt og ekki verið tilbúinn til þess að hoppa niður á svalirnar. Þeir hefðu þó sjálfir verið búnir að velta því fyrir sér að stökkva niður af annarri hæð þar sem þeir hefðu verið að kafna úr reyk. Þegar þeir hefðu verið komnir niður hefðu þeir getað gengið í burtu. Þá hefði hann farið inn í viðbygginguna til að tryggja að enginn væri þar, en eldurinn hefði ekki verið búinn að ná til hennar heldur hefði hún einungis verið reykfyllt. Að því loknu hefði hann aðstoðað sjúkraflutningamenn við að koma mannum af þriðju hæðinni í sjúkrabíl. Maðurinn hefði talið konu ennþá inni á þriðju hæðinni en ekkert hefði verið hægt að gera til að komast þangað inn. Honum hefði skilist á slökkviliðsmönnum að stiginn þangað hefði verið í ljósum logum eða hruninn og enginn hefði getið komist upp á þriðju hæðina. Þeir hefðu skipulagt lokun á vettvangi og að koma fólki í burtu til að skapa vinnurými fyrir slökkvilið. Lögreglumaður hefði svo kallað að tveir aðilar væru að hlaupa inn í húsið að aftanverðu. Hann hefði hlaupið þangað og þá hefði kona verið í dyragættinni og maður inni. Þau hefðu ekki farið að fyrirmælum þannig að þeim hefði verið ýtt út með valdi. Konan hefði verið dregin út en maðurinn hefði hlaupið lengra inn í íbúðina. Það hefði þurft átök að til þess að yfirbuga hann og draga út. Hann hefði ætlað að bjarga einhverjum munum að hans sögn og hefði haldið á dekki sem hann hefði reynt að kasta í hann.

Vitnið OO lögreglumaður kvað lögreglu hafa verið á leiðinni á vettvang þegar komið hefði tilkynning um einstakling fyrir utan rússneska sendiráðið. Ákveðið hefði verið að senda einn bíl þangað, en þá hefði ekki verið vitað um tengingu þessara mála. Þegar komið hefði verið á Bræðraborgarstíg hefði fundist mikil reykjarlykt og sést hvar mikill reykur hefði stigið upp. Þegar að húsinu hefði verið komið hefði mikil ringulreið blasað við. Þeir hefðu séð konuna sem hefði stokkið af efstu hæð og lent á gámi. Fleiri einstaklingar hefðu verið liggjandi á götunni og sjúkraliðið að veita fyrstu hjálp. Þeir hefðu farið í að aðstoða við það. Þeir hefðu svo séð mann sem hefði verið búinn að brjóta rúðu í risinu og kominn með andlitið út um gluggann og reynt að finna stiga til þess að

koma honum út. Þá hefði mjög mikill eldur verið kominn í húsið sem hefði virst breiða hratt úr sér. Síðan hefði komið tilkynning í fjarskiptin um að fólk væri að reyna að komast inn í húsið austan megin í gegnum port. Þeir hefðu farið nokkrir saman inn í portið og séð á eftir manni og konu hlaupa inn í húsið. Félagi hans hefði náð í konuna og kastað henni í átt að útganginum. Hann hefði sjálfur tekið á móti henni og dregið hana í burtu frá eldinum og reyknum á öruggan stað. Síðan hefði hann farið inn á eftir féлага sínum og hjálpað honum að taka karlmanninn út úr brennandi húsinu. Félagi hans hefði sagt honum að maðurinn hefði kastað í sig dekki og verið með mótþróa. Þeir hefðu metið það sem svo að mikil hætta væri þessu samfara enda breiddist eldurinn hratt út. Þeir hefðu því þurft að koma fólkinu í burtu á öruggan stað.

Vitnið PP, sérfræðingur í upplýsinga- og áætlanadeild hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá vinnu sinni við tímalínu, símagögn og skýrslur í málinu. Hann kvað tímalínu sem sett hefði verið fram í málinu byggjast á símagögnum úr farsíma ákærða, upptökum úr eftirlitsmyndavélum í miðborginni og framburði vitna og lögreglumanna, eins og hann kæmi fram í skýrslum málsins. Allir helstu þættir atburðarásarinnar kæmu þar fram. Upplýsingar um símtöl bæru með sér öruggar tímasetningar, en þar væri um að ræða upphafstíma símtala og lengd þeirra. Tímasetningar sem byggðu á framburði væru ekki jafn nákvæmar. Vitnið skýrði skýrslur sínar um búsetu íbúa að Bræðraborgarstíg 1 sem hann kvað byggjast á framburði vitna. Þetta hefði alfarið verið unnið upp úr skýrslum í málinu. Það sem hefði verið erfitt að staðsetja nákvæmlega væri innan punktalína í skýrslunni. Upplýsingar um hvar í húsinu fólkið hefði búið hefðu verið settar inn á teikningar og ljósmyndir af húsinu. Teikningarnar væru gamlar og ekki öruggt að þær endurspegluðu alveg herbergjaskipan eins og hún hefði verið fyrir brunann, en ljósmyndirnar væru fengnar af ja.is.

Vitnið QQ, lögreglumaður hjá tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá brunarannsókn í málinu. Hann kvaðst hafa komið að málinu daginn eftir brunann. Hann hefði komið í húsið ásamt féлага sínum til að framkvæma eldsupptakarannsókn. Húsið hefði verið mjög illa farið og þriðja hæðin brunnin af. Þeir hefðu byrjað við innganginn í húsið og unnið sig áleiðis upp með því að hreinsa brak úr stiganum og ganginum. Þeir hefðu reynt að lesa úr brunaferli sem hefði sést. Þegar komið hefði verið upp á aðra hæð og horft eftir ganginum hefði verið um fyrstu dyr til vinstri stigapallur sem hefði legið upp á þriðju hæð. Við hreinsun á því svæði af braki hefðu þeir fundið hvernig brunaferlarnir hefðu legið alveg niður í gólf. Þar sem stiginn hefði legið upp á þriðju hæð hefði gólfið verið brunnið. Allt þar í kring hefðu verið torbrennanleg efni, t.d. múrhúðuð klæðning á stiganum, og ekkert sem hefði getað útskýrt af hverju eldurinn hefði verið svona mikið í gólfinu þarna á pallinum. Mætti því leiða líkur að því að þarna væri upptakastaður að eldi. Þeir hefðu því tekið sýni þarna og myndað ítarlega. Um tvo polla hefði verið að ræða þarna á stigapallinum. Þeir hefðu

haldið áfram eftir ganginum, hreinsað brak og séð hvernig gólfið á ganginum hefði verið nokkuð jafnbrunnið. Brennda svæðið hefði minnkað eftir því sem innar hefði dregið. Næsta herbergi við hliðina á stigaopinu hefði verið áberandi minna brunnið. Herbergið þar fyrir innan hefði hins vegar verið mjög illa brunnið. Við hreinsun á því svæði hefðu sést ýmiss konar munir í hrúgum á gólfinu sem hefði verið mikið brunnið. Þegar komið hefði verið niður úr brakinu hefði sést sambærilegur pollur við þá á stigaganginum frammi. Þessir pollar sýndu að þarna hefði verið mikill hiti og þar hefði brunnið lengi. Þegar þannig væri benti það oft til þess að þar hafi verið eldhvetjandi efni sem hafi brunnið og skapað þennan mikla hita áður en eldurinn hefði svo farið að dreifa sér á aðra hluti. Þeir hlutir sem ekki séu með þessa eldfimu vökva brenni þá nokkuð jafnt. Sýni hefðu einnig verið tekin úr herberginu en bletturinn þar hefði mestmegnis verið undir borði. Þar hefði verið mikið brunnið undir plötunni en ekki ofan á henni, sem bendi til þess að eldurinn hafi byrjað undir borðinu, ekki brunnið utan frá og legið undir borðið. Þetta hefði því verið annar upptakastaður á bruna. Eldurinn hefði ekki getað færst frá stigapallinum yfir í herbergið án þess að brenna herbergið á milli og öfugt. Það væru því sannarlega tveir upptakastaðir. Ekki hefði verið hægt að greina hvort dyrnar hefðu verið opnar eða lokaðar þar sem allt hafi verið of brunnið til þess.

Þeir hefðu haldið áfram að hreinsa ganginn og því innar sem farið hefði verið á ganginn frá herberginu hefðu brunaskemmdirnar farið minnkandi en reykskemmdir orðið meira áberandi. Að þessu loknu hefðu þeir fengið aðstoð slökkviliðsins til þess að skoða húsið að utan og skoða það sem hægt hefði verið að skoða af þriðju hæðinni, en hún hefði í rauninni verið alveg brunnin af, og skoða restina af stiganum sem hefði legið upp á þriðju hæðina, þar sem að bruninn hefði verið allnokkuð jafn. Það sem staðið hefði eftir hefðu verið þessir tveir staðir með áberandi pollum, sem þeir hefðu tekið sýni úr, sem ætla mætti að væru upptakastaðir. Við skoðun á báðum þessara staða hefði verið hægt að útiloka að það hefði kviknað í út frá rafmagni. Engin raftæki hefðu verið á þessum stöðum og engin efni sem kveiki í sér sjálf. Ekkert hefði verið í sambandi þarna nálægt og engar innstungur. Í herberginu hefði verið ísskápur og einhver raftæki þar fyrir framan og þau hefðu verið bráðnuð og skemmd en ekki áberandi mikill bruni þar miðað við önnur svæði. Engar umbúðir eða flöskur hefði verið að finna á þessum stöðum og ekki leifar af neinu. En undir borðinu hefði verið mjög brunninn fatnaður. Á ganginum hefði ekkert verið nema leifar af múrhúð. Ekkert hefði getað orsakað eld þarna nema að einhver hefði borið eldinn að. Þá liggi fyrir að tiltölulega stuttur tími hefði verið á milli eldsins á hvorum stað en ekki lægi fyrir á hvorum staðnum hefði kviknað fyrst.

Það sem staðið hafi eftir rannsóknina hafi því verið að þarna hefði verið kveikt í af mannavöldum. Eldurinn hefði ekki getað komist þarna með öðrum hætti og af því að upptakastaðirnir væru fleiri en einn og langt væri á milli þeirra, þannig að annar staðurinn hefði ekki getað kveikt í hinum, sæti eftir að um væri að ræða íkveikju af ásetningi. Í

anddyri hússins hefði fundist plastflaska á gólfinu, undir braki bak við útidyrhurðina, sem búið hefði verið að stinga gat á tappann á líklega með hnífi, sem þá hefði grunað að hefði verið með einhverjum eldhvetjandi efnum. Það hefði verið einkennileg lykt upp úr henni, þannig að hún hefði verið tekin til hliðar og send í rannsókn. Hún hefði þó verið búin að liggja þarna á floti í vatni. Niðurstaða rannsóknar á henni hefði verið sú að ekki væri hægt að segja til um hvort þetta hefði verið bensín, þótt mögulega væru vísbendingar um það. Það sé ekki óeðlilegt að eldhvetjandi efni finnist ekki eftir mikið slökkvistarf og vatn. Bensín gufi tiltölulega fljótt upp og allt leki í gegnum timburhús. Ef um það hafi verið að ræða að einhver hefði sprautað eldhvetjandi efnum væri ekki öruggt að efnið myndi fara á viðkomandi eða fatnað hans.

Vitnið RR, lögreglumaður hjá tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá aðkomu sinni að eldsupptakarannsókninni. Rannsóknin hefði farið fram daginn eftir brunann en vakt hefði verið yfir honum fram að því. Hann kvað greiningu á brunaferlunum, hvaðan eldurinn kemur og hvaðan hitinn er mestur og hvar hann fer minnkandi, hafa leitt á tvo aðskilda staði. Annar væri í rými fyrir framan stiga upp á rishæðina, þar sem tveir afmarkaðir staðir hefðu verið á gólfinu sem bentu til þess að kveikt hefði verið í. Ekki væri hægt að fullyrða á hvorum staðnum hefði kviknað fyrst. Aðrar orsakir elds þar hefðu verið útilokaðar. Engin merki hefðu verið um sjálfsíkveikju eða að kviknað hefði í út frá rafmagni. Þegar haldið hefði verið áfram frá þeim stað hefði hiti smám saman farið minnkandi og inn eftir ganginum hefði verið minni hiti, þangað til komið hefði verið að herbergi ákærða. Þar hefði hitinn aftur aukist. Rannsókn í herberginu hefði leitt að upptakastað við suðurvegg herbergisins. Þar hefði verið mikið af alls kyns húsgögnum og munum í hrúgu. Þegar borði í herberginu hefði verið snúið við hefði sést að það hefði verið áberandi brunnið neðan frá og upp í gegnum það. Þeir hefðu því talið að þarna væri einnig eldsupptakastaður. Þá hefðu þeir komist að þeirri niðurstöðu að annar upptakastaðurinn hefði ekki getað orsakað eldinn á hinum staðnum, þar sem hitinn hefði dofnað á milli þessara staða. Þegar hægt sé að rekja brunaferla niður á við og niður á lægsta punkt sé það oft góð vísbending um að um eldsupptakastað sé að ræða. Einnig þurfi að hafa í huga að brak geti búið til upptakastaði, ef það dettur niður og brennur út frá því, en þá sjáist yfirleitt ekki þessi miklu hitamerki. Það hefði verið útilokað hér að um slíkt væri að ræða. Ekki væri hægt að staðhæfa að eldhvetjandi efni hefðu verið notuð. Hraðinn á útbreiðslu eldsins hefði bent til þess en ekki hefði verið hægt að staðfesta það. Í plastflösku sem hefði fundist á vettvangi hefðu fundist efni sem samsvari uppbyggingu á bensíni eða eldsneyti en ekki hefði verið hægt að staðfesta að svo væri. Rannsóknirnar útilokuðu ekki að eldhvetjandi efni hefðu verið notuð, efnin gætu öll hafa brunnið eða sýni ekki verið tekin á hárréttum stöðum. Ekki sé hægt að staðhæfa með hverju eða í hverju kveikt hefði verið. Sú staðreynd að kviknað hafi í á tveimur aðskildum stöðum bendi til þess að um ásetning hafi verið að ræða. Það

væru líkur til en ekki öruggt að sót gæti fundist á fötum þess sem kveikt hefði í. Ekkert hefði fundist í fötum ákærða við rannsókn á þeim, en ekki lægi heldur fyrir með vissu hvort hann hefði verið í sömu fötunum. Hann hefði verið viðstaddur skoðun á ákærða að kvöldi dagsins sem bruninn hefði orðið. Ákærði hefði verið mjög ör og í skrítnu ástandi. Ekki hefði verið hægt að eiga nein samskipti við hann. Hann hefði verið [...]. Ákveðið hefði verið að hætta tilraunum til þess að ræða við hann þar sem hann hefði ekki verið í neinu ástandi til þess.

Vitnið SS, lögreglumaður við tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst hafa verið á vakt daginn sem bruninn hefði komið upp. Hann hefði ekki farið á vettvang fyrir en um kl. 16:30, en hann ætti sæti í kennslanefnd ríkislögreglustjóra og væri kallaður til þegar finnst t.d. brunnar líkamsleifar eða illa farin lík. Hann hefði fylgst með þróun brunans. Búið hefði verið að staðfest andlát konu sem hefði fallið út um glugga um sjö og hálfan metra og legið hefði fyrir að ennþá vantaði tvær manneskjur úr húsinu. Rétt fyrir kl. 18 hefðu slökkviliðsmenn, sem hefðu verið að berjast við eld um kvistglugga, staðfest að lík væri fyrir innan gluggann. Hann hefði farið með þeim í körfubílinn og tekið myndir inn um gluggann. Þar hefði sést mjög illa farið brunnið lík. Það hefði ekki verið fyrir en klukkustund síðar sem talið hefði verið öruggt fyrir reykkafara að sækja líkið þar sem eldtungurnar hefðu alltaf verið að gjósa upp aftur og aftur. Þurft hefði að fá vinnuvél til að rjúfa þakið, þar sem enn hefði vantaði eina manneskju. Þarna hefði verið staðfest að tveir hefðu látist og hann hefði farið í líkhúsið ásamt félagá sínum til að bera kennsl á manneskjuna sem hefði fundist í kvistinum. Líkið frá slysadeildinni hefði einnig verið komið, en hún hefði verið auðþekkjanleg, með mikla höfuðáverka. Brunna líkið hefði verið kona sem var mjög illa farin. Ljóst hefði því verið að þarna yrði verkefni fyrir kennslanefnd og hefði nefndin því verið kölluð saman. Aftur hefðu svo liðið einn eða tveir tímar þar til staðfest hefði verið að lík hefði fundist. Þegar búið hefði verið að rjúfa þakið hefði sést lík af karlmanni, undir bitum sem hefðu fallið ofan á hann. Líkinu hefði verið fylgt í líkhúsið. Um hefði verið að ræða karlmann með mikið skegg. Hann hefði verið mjög sótugur og svolítið brunninn á fötum, en ekki eins illa brunninn og líkið af konunni. Bitarnir sem hefðu verið ofan á manninum hefðu varið líkama hans svolítið frá brunanum. Borin hefðu verið kennsl á líkin með tannlæknaskýrslum, auk þess sem aðrir hlutir hefðu hjálpað, til að mynda hringur sem konan hefði borið. Ákveðið hefði verið að kæla vettvanginn niður og hafa vakt á húsinu, auk þess sem leitað hefði verið að því hvort einhverjir væru í húsinu sem ekki hefði verið vitað um. Vitnið kvaðst einnig hafa farið á lögreglustöð þar sem ákærði hefði verið. Hann hefði verið í mjög annarlegu ástandi og hreinlega „kolruglaður“. Hann hefði [...]. Þeir hefðu þurft að fara í hlífðarfatnað frá toppi til táar til þess að eiga við ákærða. Hann hefði talið nauðsynlegt að fá lækni til að meta ástand hans en hann hefði ekki verið hæfur til að fara í lækni skoðun til að leita að mögulegum brunasýnum eða einhverju slíku.

Vitnið TT, sviðstjóri og dósent hjá Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, greindi frá rannsókn á sýnum frá vettvangi og fatnaði. Leitað hefði verið sérstaklega eftir eldhvetjandi efnum en niðurstaðan hefði verið sú að ekki væri hægt að staðfesta nein slík efni í sýnunum. Ákveðnar vísbendingar hefði verið að finna um slíkt en ekki hefði verið hægt að staðfesta þær. Flaskan af vettvangi hefði verið þurr þegar hún hefði borist og í brunapoka. Pokinn hefði verið þaninn sem hefði bent til þess að eitthvað hefði gufað upp af henni. Flaskan hefði verið tekin úr pokanum, skoluð að innan með lífrænu leysiefni sem hefði leyst upp íkveikiefni og pokanum hefði verið lokað aftur. Hann hefði svo verið hitaður með kolaræmu sem safni í sig lífrænu efni. Ekkert hefði komið fram á kolaræmunni þótt pokinn hefði ennþá verið þaninn þegar hann hefði farið inn í ofn. Í flöskuskolinu hefðu fundist lífræn efni sem mörg hver væru sameiginleg því sem sé í bensíni en það hefði alls ekki verið hægt að staðfesta það. Bensín sé blanda um 40-50 efna. Þau léttustu gufi alveg upp í svona bruna, en oft finnst þyngri efnin. Það þurfi að finna ákveðið mynstur sem sé í bensíni, hvað varði hlutföll efnanna. Það fari eftir hita og tíma og hvort munir séu í lokuðu eða opnu umhverfi hversu lengi bensínið sé að gufa upp. Vitnið kvaðst reikna með því að efnið myndi gufa upp úr flöskunni við að liggja í vatninu eftir slökkvistarfið þótt hún gæti ekki sagt til um það með vissu. Ef mikið bensín slettist á fatnað sem ekki væri þveginn eða hitaður, ættu þyngri efnin að finnast. Hversu hratt efnin gufi upp fari eftir því hvernig fötin séu geymd. Engin efni hafi fundist í fatnaði ákærða.

Vitnið UU brunaverkfræðingur vann skýrslu á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Hann kvaðst hafa unnið vettvangsrannsókn á sama tíma og lögreglan. Það væri ekki hans hlutverk að fara djúpt ofan í eldsupptök en það væri þó hluti af því að skilja brunann. Niðurstaða þeirra hefði verið sambærileg niðurstöðu lögreglunnar, þ.e.a.s. að upptakastaðirnir hefðu verið tveir, annar í stigaganginum og hinn inni í herbergi. Vitnið hefðu lýst því að hafa fyrst séð reyk úr herberginu og því virðist sem eldurinn hafi kviknað fyrst þar, en yfirtendrun orðið fyrst í stigaráminu þannig að eldurinn hefði vaxið hraðar þar og sprungið fyrr fram þar. Yfirtendrun sé það þegar allt brennanlegt efni í rýminu taki þátt í brunanum og meðalhitastig sé orðið það hátt að öll brennanleg efni fari að gefa frá sér gös. Skoðað hefði verið hvort hægt væri að sjá í hvaða stöðu hurðin inn í herbergið var en hún hefði verið alveg brunnin niður. Líklegt væri að eldsupptökinn sjálf hefðu verið stærri á stigaganginum, önnur nálæg efni hefðu farið að taka þátt og eldurinn hefði farið að stækka. Engin rafmagnstæki hefðu verið á þessum stöðum. Gerð hefðu verið líkön af brunanum og ýmsar sviðsmyndir skoðaðar. Í flestum tilvikum hefði orðið yfirtendrun á undan í herberginu ef opið hefði verið fram á gang en ef hurðin hefði verið lokuð gæti eldurinn hafa verið lengur að þróast í rýminu vegna minni loftunar. Nokkrir samverkandi þættir hefðu haft áhrif á hraða útbreiðslu eldsins. Upphafið virðist vera kröftugt og mikið virtist hafa verið af brennanlegum efnum nálægt,

þurru timbri eða timburklæðningum. Rannsóknin bendi til þess að kveikt hafi verið í. Þróun eldsins fari eftir eðli þeirra efna sem eldurinn sé borinn í. Eldurinn hefði breiðst hratt út og líklega verið örfáar mínútur frá því hann byrjaði þar til hringt var á neyðarlínuna. Hugsanlega hefðu þetta verið ein til þrjár mínútur, en gætu ekki hafa náð tíu þar sem það myndi passa illa inn í myndina. Þá hefði verið um svokallaðan glóðarbruna að ræða sem fari hægt af stað og síðan komi eldur. Þá komi lykt og reykur en kvikni ekki strax í. Miðað við framburð vitna gæti þetta ekki hafa gerst þannig heldur hafi líklega verið um eld að ræða strax. Vitnið lýsti því að þegar stigi hefði rekist í glugga á annarri hæð og brotið rúðu hefði súrefni komist að brunanum, sem væri þegar orðinn loftfirrtur og hleypt eldinum af stað með meiri krafti. Það hefði flýtt fyrir yfirtendrun en það hefði verið komið alveg að því. Vitnið lýsti nánar líkönum sem unnin hefðu verið og því sem talið hefði verið líklegast og líki best eftir eldsvoðanum. Mörg líkön hefðu verið gerð. Reynt hefði verið að raða öllum staðreyndum í nákvæma tímaröð í samræmi við lýsingar vitna, símtal við neyðarlínu, myndir o.fl. Markmiðið með líkönunum væri að fylla inn í myndina af því sem gerst hefði í húsinu. Fimmta líkanið hefði passað við allar ytri forsendur. Í líkaninu væri gert ráð fyrir eldsupptökum á þessum tveimur stöðum og gefin hafi verið stærð af litlum bensínpolli sem hefði verið miðaður við hálf lítra plastflösku sem hefði fundist á vettvangi. Fyrst hefði verið látið kvikna í inni í herberginu og svo frammi mínútu síðar. Svo tæki eldsmaturinn í rýmnum við en hann hefði verið byggður á vettvangsskoðun, panel sem hefði verið á veggjum og leifum af húsgögnum sem hefðu brunnið. Miðað hefði verið við 10 cm rifu á hurðinni inn til ákærða. Þetta hefði passað best við myndina af brunanum og við lýsingar vitna, t.d. þeirra sem komust út úr húsinu. Það hefði til að mynda passað við lýsingu vitnis sem hefði skriðið undir reykinn til að komast út úr húsinu. Það yrði þó að hafa í huga að þetta væri bara líkan og ákveðin nálgun. Svona líkön væru næm fyrir öllum breytum. Þetta væri straumfræðilíkan sem líkja mætti við veðurspá. Ýmislegt geti haft áhrif á það, svo sem loftunin, samsetning efnanna sem brenni, orkuinnihald og fleiri breytur.

Vitnið Ö verkfræðingur greindi frá rannsókn sinni á almannahættu sem hefði stafað af eldsvoðanum. Hann hefði byggt á skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, rannsókn lögreglu og skýrslum frá henni auk mynda af vettvangi. Hann kvað hraða brunans fara mikið eftir því í hverju væri kveikt og öðrum aðstæðum. Eldurinn færi oft mjög hægt af stað og væri bara í upphafshlutnum en svo eftir einhvern tíma, hugsanlega fáeinar mínútur, færi hann að vaxa og væri þá í raun kominn í gang. Þá færi hann að fara í hluti sem væru tiltölulega auðbrennanlegir og þá byggist upp hiti í herberginu og upp við þakið og síðan fari hann að streyma fram. Þá byrji hann að safnast upp við loftið á ganginum. Á því stigi sé hann farinn að byrgja fólki sýn á ganginum svo erfitt sé að komast út og um leið sé kominn það mikill hiti á ganginn að það fari að verða hættulegt að fara um hann. Þetta gerist allt á fáeinum mínútum, líklega um einni til þremur

mínútum eftir að eldurinn sé kominn af stað. Erfitt sé að segja með vissu um það hversu langan tíma það taki eldinn að fara af stað en þegar hann sé farinn af stað breiðist hann hratt úr. Þá hafi hlutir eins og opnanlegir gluggar og dyr áhrif. Ekki hafi komið í ljós hvernig opnunin á dyrum að herbergi ákærða hafi verið. Ljóst sé þó að það hafi tekið eldinn minna en fimm mínútur að komast af stað og hugsanlega hafi það bara verið um ein til tvær mínútur. Ef eldhvetjandi efni sé notað gerist þetta hins vegar strax. Hann hefði ekki skoðað eldsupptökin sértaklega en talið niðurstöður lögreglunnar mjög sennilegar. Flóttaleiðir hafi lokast hratt og ástand í húsinu mjög fljótt orðið lífshættulegt. Það taki nokkurn tíma þegar fólk sé inni í herbergi að uppgötva að það sé kviknað í. Þarna hafi ekki verið virkir reykskynjarar eða aðrar varnir þannig að fólk hafi annað hvort þurft að heyra hávaða frammi við að hlutir væru farnir að falla niður eða að reykur væri farinn að berast í gegnum óþéttar hurðir. Þar sem leiðin upp á þriðju hæð hefði verið opin hefði reykurinn farið í þá átt til að byrja með. Ef ekki hefðu komið til neinar slökkviaðgerðir á vettvangi væri ljóst að húsið hefði brunnið alveg til grunna. Ekki hefði verið hægt að sjá að það væri nein raunhæf brunahólfun í húsinu. Fólk á jarðhæð viðbyggingarinnar hefði verið komið í hættu nokkuð síðar þegar reykurinn hefði verið farinn að koma þangað inn og skapa hættu, hugsanlega um hálf tíma síðar, en það færi mikið eftir veggnum á milli. Reykur myndist ekki alveg strax og í upphafi sé hann mjög ljós á litinn. Hann þurfi svo að fylla herbergið frá þaki og niður að efri brún glugga og efri brún hurðarinnar og þá geti hann farið að streyma út úr herberginu. Það fari síðan eftir þrýstingnum hvort hann fari aðallega fram á gang eða út um gluggann.

Vitnið VV lögreglumaður greindi frá rannsókn á bensínkaupum. Óskað hefði verið upplýsinga hjá bensínstöðvum á stórum hluta höfuðborgarsvæðisins um kaup á bensíni á afmörkuðu tímabili í litlu magni. Þetta hefði verið að sumarlagi svo ekki væri ólíklegt að fólk keypti sér bensín á brúsa til að slá garðinn og annað slíkt. Þeir hefðu allt eins búist við að fá mikið af gögnum og því afmarkað fyrirspurnina við ákveðinn lítrafjölda. Óskað hefði verið eftir upplýsingum um þá sem hefðu keypt ákveðið magn af bensíni og reynt að fá myndefni sem því tengdist. Þetta hefði verið gert strax í upphafi rannsóknarinnar þar sem svona myndefni væri ekki geymt lengi. Þeir einstaklingar sem þar hefðu komið fram hefðu ekki passað við lýsinguna á ákærða. Allt myndefni hefði verið skoðað, m.a. með það í huga hvort einhver annar aðili í húsinu hefði getað keypt bensín. Ekkert hefði heldur komið fram um einstaklinga sem pössuðu við parið sem búsett var á jarðhæð hússins.

Vitnið N lögreglumaður kvaðst hafa verið staddur á lögreglustöðinni á Hverfisgötu þegar tilkynning hefði borist um eld að Bræðraborgarstíg. Hann hefði lagt af stað þangað ásamt fleirum en þá hefði borist tilkynning frá rússneska sendiráðinu um æstan mann þar fyrir utan og óskað aðstoðar lögreglu. Hann hefði farið þangað, í stað þess að fara á Bræðraborgarstíg, ásamt félagu sínum. Þegar þangað hefði verið komið

hefði fólk verið fyrir utan, munir á götunni og gangstéttinni og ákærði fyrir utan útihurðina á rússneska sendiráðinu, berjandi hurðina og öskrandi. Þeir hefðu kveikt á upptökum í búkmyndavélum sínum. Hann hefði reynt að fá ákærða til að koma niður tröppurnar sem hefðu legið upp að dyrunum. Hann hefði ekki gert það svo þeir hefðu gert sig líklega til þess að fara upp að sækja hann. Það hefðu verið stórar gúmmímottur í þrepunum í tröppunum og þegar þeir hefðu ætlað að fara upp tröppurnar hefði ákærði tekið eina mottuna og slegið bæði hann og félagi hans einu höggi. Hann hefði náð að verja sig með því að beita fyrir sig höndunum en fengið mottuna í handleggina og félagi hans hefði fengið mottuna í andlitið. Hann hefði fengið roða, mar og hringlaga för eftir mottuna. Hann hefði ákveðið að leita ekki til læknis vegna álags á slysadeildinni. Myndir af áverkum þeirra hefðu hins vegar verið settar í skýrsluna. Í framhaldinu hefðu þeir náð að yfirbuga ákærða og setja hann í handjárn. Þeir hefðu ekki náð neinu sambandi við hann, en hann hefði öskrað og virst eiga við mikil geðræn vandamál að stríða. Þeir hefðu sett hann í handjárn og þurft að setja bensli á fætur hans líka þar sem hann hefði reynt að sparka í þá. Þeir hefðu svo fært hann í lögreglubílinn þar sem félagi hans hefði verið með honum á meðan hann hefði rætt við vitni og tekið saman munina sem hefðu verið á götunni. Vitni að atburðum hefðu bent honum á að ákærði hefði dreift þessu. Það hefði verið fatnaður, fáni með Pútín, mynd af Mike Tyson o.fl. Hann hefði einnig verið með kveikjara í öðrum lófanum þegar hann hefði verið handtekinn. Fljótlega hefði komið í ljós tenging við Bræðraborgarstíg, en ákærði hefði átt heima þar. Ákærði hefði svo verið fluttur á lögreglustöðina og vistaður í fangaklefa en þeir hefðu farið strax út aftur til að aðstoða á Bræðraborgarstíg.

Vitnið O lögreglumaður kvaðst hafa farið í útkallið við rússneska sendiráðið. Þegar þeir hefðu mætt hefðu þeir séð ákærða innan við hlið sendiráðsins fyrir framan aðalinnganginn. Hann hefði ekki skilið hvað ákærði hefði verið að segja og ákærði hefði ekki virst skilja þá. Þeir hefðu reynt að segja honum að koma en hann hefði ekki gert það og þeir hefðu þá tekið ákvörðun um að sækja hann og handtaka. Ákærði hefði fyrst hörfað frá en svo tekið upp gúmmímottu og slegið þá með henni. Hann hefði fengið mottuna í andlitið. Hann hefði fengið roða á kinn eftir þetta, en áverkarnir hefðu ekki verið stórvægilegir og hann hefði ekki leitað til læknis. Félagi hans hefði fengið talsvert far á höndina eftir mottuna. Þeir hefðu þá tekið ákærða tökum og sett í járn og fært í lögreglubifreiðina til frekari úrvinnslu og þaðan hefði hann verið færður á lögreglustöð. Ekki hefði verið hægt að ná neinu sambandi við ákærða, hann hefði ýmist talað á ensku eða öðru tungumáli sem hann hefði ekki skilið. Svo hefði hann sönglað og verið í skrítnu ástandi.

Vitnið AA réttarmeinafræðingur greindi frá réttarkröfningu og dánarorsök þeirra sem létust á vettvangi. Hann kvað dánarorsök A hafi verið koloxíðeitrun en hún hefði andað að sér miklu eitri. Hún hefði jafnframt brunnið verulega og hitinn hefði haft

meðvirkandi áhrif. B hefði jafnframt látist vegna koloxíðeitrunar. Dánarorsök C hefði verið höfuðáverki og maráverki á heilastofninum sem hefði komið til vegna höfuðhöggs. Áverkinn samræmdest fyllilega þeim upplýsingum sem hann hefði fengið um að hún hefði fallið með höfuðið eða hvirfilinn á undan sér. Hún hefði látist á mjög skömmum tíma, en ekki hefði verið að sjá nein vefjaviðbrögð við áverkanum. Hún hafi þó náð að anda eftir höggið, áður en hún hefði alveg látist, þar sem sæist að henni hefði blætt inn í öndunarveginn.

Vitnið BB, sérfræðingur í bráðalækningum, greindi frá skoðun á tveimur brotapolum á bráðamóttöku. Hann kvað L hafa komið með merki um hafa andað að sér reyk. Hann hefði haft sót í nefinu og efri hluta öndunarvegs en ekki niður í kok og verið súr í blóði með hækkun á mælingu á kolmónoxíði. Þetta hefði verið í samræmi við að hann hefði verið í húsbruna. Hann hefði einnig haft sár á hendi sem hann hefði greint frá að væri eftir að reyna að opna dyr og brjóta gluggann en ekki hefði þurft að sauma sárið. Þá hefði einnig verið sár á vinstra fæti. Brotapoli hefði verið lagður inn á gjörgæslu til eftirlits vegna reykeitrunar.

Vitnið kvað J hafa komið inn með alvarlega áverka. Hann hefði fallið af þriðju hæð. Hann hefði misst meðvitund en vaknað fljótlega. Hann hefði haft minnstruflanir og spurt sömu spurninga aftur og aftur eins og gerist yfirleitt við að fá högg framan á heilann. Hann hefði haft sár á enni sem hefði virst eftir glerbrot. Einhverjar glerflísar hefðu verið inni í sárum hans en hann hefði haft það alvarlegan áverka að það hefði verið í forgangi. Hann hefði jafnframt haft glóðarauga vinstra megin og hækkun á kolmónoxíði. Í sneiðmyndatöku hefði komið í ljós höfuðkúpubrot og mörg brot í andlitsbeinum. Þá hefði hann haft blóðtappa á bak við auga og heilablæðingu. Þessir áverkar væru lífshættulegir.

Vitnið EE, sérfræðingur í bráðalækningum, greindi frá komu G á bráðamóttöku eftir húsbrunann. Það hefði verið smásót á henni en engin merki um alvarlegan sjúkdóm eða áverka. Hún hefði haft ertingarhósta en algengt væri að finna þirring í öndunarvegi eftir að anda að sér miklu eitri. Það myndi þó jafna sig á nokkrum dögum. Hún hefði sloppið vel líkamlega en það sem hefði hrjád hana meira hefði verið andleg vanlíðan. Hún hefði verið útskrifuð og bent á Rauða krossinn sem hefði þegar verið mættur á vettvang.

Vitnið ÁÁ, bróðir ákærða, skoraðist undan því að gefa skýrslu í málinu, sbr. 117. gr. laga nr. 88/2008.

Vitnið DD greindi frá því að ákærði hefði unnið fyrir hann í garðinum hans. Hann hefði byrjað að vinna fyrir hann ári fyrir brunann í um fjóra til fimm mánuði. Ákærði hefði staðið sig afburða vel og ekkert nema gott hefði verið um hann að segja. Hann hefði verið vinnusamur, duglegur, dagfarsprúður og áreiðanlegur. Það hefðu verið ákveðnir samskiptaörðugleikar út af tungumálinu en félagi hans hefði túlkað fyrir hann. Hann

hefði svo ekki sést í nokkra daga. Þegar vitnið hefði spurst fyrir um hann hefði honum verið sagt að ákærði væri með kviðverki og væri að bíða eftir magaspeglun. Hann hefði ákveðið að koma honum til aðstoðar og hefði fengið tíma fyrir hann í magaspeglun degi síðar. Hann hefði rætt við bróðurdóttir ákærða og gengið úr skugga um að ákærði færi ekki einn. Hún hefði svo hringt í hann eftir magaspeglunina og sagt honum að ákærði væri með [...]. Í framhaldi af því hefði ákærði verið lagður inn á Landspítala þar sem hann hefði legið í 10 daga og farið a.m.k. þrívægis í magaspeglun. Komið hefði í ljós á ákærði væri ekki með [...] heldur væri um [...] að ræða. Vitnið hefði heimsótt hann tvisvar sinnum í byrjun legunnar. Ákærði hefði verið náfölnur en virst í góðu jafnvægi. Í lok dvalarinnar hefði hann heyrt frá félagi ákærða að honum hefði virst ákærði undarlegur. Hann hefði titrað mikið þegar hann hefði farið út að reykja fyrir framan sjúkrahúsið og ekki vitað á hvaða deild hann lægi. Hann hefði sjálfur séð ákærða næst eftir útskrift hans þann 24. júní og aftur daginn eftir. Hann hefði komið heim í garðinn til hans 24. júní. Hann væri vanalega rólegheitamaður en þarna hefði hann talað hratt og mikið og gífurlega hátt. Hann hefði verið í litríkum sparifötum og hreyfingar hans hraðar. Hann hefði sagt við ákærða að hann gæti ekki farið að vinna hjá sér fyrr en hann væri búinn að jafna sig. Vitnið kvaðst vera með læknastofu við hlið hússins síns og hefði verið við vinnu um tveimur klukkustundum fyrir brunann þegar hann hefði heyrt háreysti úti í garði. Þar hefði ákærði verið mættur og hnakkrist við félagi sinn sem hefði horfið á braut og hótad að hringja á lögregluna ef ákærði færi ekki. Ákærði hefði komið á gluggann hjá honum, verið í ójafnvægi og mjög ör og reiður. Þegar hann hefði komið út hefði ákærði verið að tala í símann. Ákærði hefði rétt honum símann en það hefði enginn verið í honum. Þótt hann væri ekki sérfræðingur í geðlækningum hefði ákærði virkað á hann með [...]. Hann hefði ekki orðið var við neitt slíkt áður hjá honum. Hann hefði síðan heimsótt ákærða [...] um tíu dögum síðar og þá hefði honum virst hann í þokkalegu jafnvægi og kominn aftur til sjálfs síns.

Vitnið FF, geðlæknir og dómkvaddur matsmaður, greindi frá geðrannsókn sinni á ákærða. Hann kvaðst hafa hitt ákærða daginn eftir brunann. Ákærði hefði þá verið mjög veikur í fangelsi og héraðslæknir hefði metið það svo að hann þyrfti að leggjast inn á [...]. Hann hefði verið sammála því mati. Það hefði verið mjög erfitt að ræða við ákærða og ekki hægt að ná neinum tengslum við hann. Hann hefði talað mjög mikið og hátt, ekki svarað spurningum og augljóslega verið mjög reiður. Hann hefði setið á bekk í klefanum, ber að ofan í handjárnnum og blótað mikið. Erfitt hefði verið að fá nokkurt samhengi í það sem hann hefði sagt. Fram hefði komið hjá ákærða að hann hefði [...] fyrir þremur til fjórum áratugum en hann hefði sagt það hafa verið til að losna við að fara í herinn. Ekki hefði verið hægt að staðreyna upplýsingar um það. Svo virtist sem ákærði hefði verið nokkuð eðlilegur frá þeim tíma. Í ljós hefði komið að ákærði hefði verið [...]. Hann hefði legið inni á Landspítalanum 11. til 18. júní vegna þess. Grunur hefði leikið á að hann

væri með [...]. Hann hefði verið speglaður einu sinni á Landspítalanum og aftur síðar. Í ljós hefði komið að ekki væri um alvarlegan kvilla að ræða. Hann hefði hitt ákærða nokkrum sinnum aftur. Í viðtali 3. júlí hefði ákærði ennþá verið verulega veikur með [...], talað samhengislítið og neitað að fara í rannsóknir sem læknað lögðu til vegna [...] hans. Þann 10. júlí hefði hann verið mun rólegri og getað gefið miklu betri sögu þótt einkennin væru ekki alveg horfin.

Matsmaðurinn kvaðst hafa horft á myndefni af ákærða frá því í kringum brunann. Þá hefði hann rætt við mann sem ákærði hefði unnið fyrir og samstarfsmann hans þar. Þar hefði komið fram að það hefði gengið alveg vandræðalaust fyrir sig. Samstarfsmaður hans hefði komið tvisvar sinnum til hans á spítalann í júní. Hann hefði lýst því að ákærði hefði verið mun veikari í síðara skiptið, mjög ör og grófur í tali, sem væri ólíkt honum. Hann hefði einnig rætt við bróðurdóttur ákærða sem hefði túlkað fyrir hann á spítalanum. Hún hefði sagt að grunur hefði leikið á að [...]. Nokkrum klukkustundum eftir að ákærði hefði fengið þær upplýsingar hefði hegðun hans breyst. Hann hefði orðið mjög ör, farið að rífast við alla og haft allt á hornum sér. Hann hefði virst fá mikið áfall við þessar fréttir en ekki viljað að neitt yrði gert við sig.

Matsmaðurinn kvað enga spurningu um það að ef sök sannist á ákærða hafi hann verið algjörlega ófær um að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Hann hefði langlíklegast verið í [...]. Þegar hann hefði hitt ákærða síðast, 27. júlí 2020, hefði ástand hans verið gott og hugsun hans verið orðin heillegri. Hann hefði verið með örlitlar leifar af einkennum, rólyndismaður sem hefði svarað skýrt og greinilega og ekkert vikist undan. Svo virðist sem fréttir af hugsanlegu [...] hafi komið veikindum ákærða af stað. Hann hefði líklega ekki vitað af því að ekki væri um [...] að ræða fyrr en eftir brunann. Matsmaðurinn taldi mjög ólíklegt að þau lyf sem ákærði hefði fengið á spítalanum gætu hafa orsakað ástand hans, en auk þess virtist hann ekki hafa tekið lyfin einhverja daga.

Matsmaðurinn kvaðst ekki viss um hvort nauðsynlegt væri að ákærði sætti öryggisráðstöfunum. Um væri að ræða veikindi sem gangi yfir. Hann væri í raun ekki það veikur að hann þyrfti á gæslu að halda. Það væri þó eðlilegt að hann væri undir einhverju eftirliti [...]. Hann hefði ekki metið ákærða hættulegan, hvorki sjálfum sér né öðrum. Hann geti verið eðlilegur um langt skeið og hugsanlega alla tíð, en rétt sé að maður sem hafi orðið svona alvarlega veikur sé undir eftirliti [...].

Vitnið HH, geðlæknir og yfirmatsmaður, greindi frá því að þegar yfirmatsmenn hefðu fyrst hitt ákærða hefði hann sagt að minni hans væri að versna og þess vegna hefðu þau talið mikilvægt að gera taugasálfræðilegt mat á honum, auk segulómunar á höfði. Þau hefðu svo hitt ákærða í þrjú skipti með túlki og metið hann samkvæmt hefðbundnu geðviðtali. Þá hefði verið farið yfir gögn málsins, rætt við geðlækna sem höfðu hitt ákærða áður, mann sem ákærði vann fyrir og ættingja ákærða. Það hafi verið þeirra mat

að ákærði hafi verið ófær um að bera ábyrgð á gjörðum sínum á umræddum tíma. Ákærði hefði verið í [...]. Mjög góð gögn hefðu legið fyrir um ástand hans þennan dag, m.a. myndefni. Hegðun hans hefði verið mjög óviðeigandi, hann hefði m.a. verið með [...] í búkmyndavél lögreglu hjá rússneska sendiráðinu. Hann hefði talað samhengislaust, verið æstur og veist að lögreglumönnum. Í viðtölunum hefði ákærði frekar dregið úr því ástandi sem hann hefði verið í. Í viðtölum við ættingja hefði komið fram að ákærði hefði haft [...]. Þess vegna hafi taugasálfræðilegt mat verið gert. Komið hafi fram ákveðinn veikleiki en ekki þannig að það geti útskýrt einkenni ákærða. Líklegt væri að það álag sem ákærði hefði upplifað vegna veikinda sinna stuttu fyrir brunann hefði ýtt honum út í [...]. Þegar yfirmatsmenn hefðu hitt ákærða hefði hann komið alveg eðlilega fyrir. Hann hefði virkað hæglátur og lítið gefið af sér í viðtölunum. Hann hefði þó verið [...] Hún teldi rétt að ef sök sannist myndi ákærði vistast á öryggis- eða réttargeðdeild þar sem að hægt væri að fylgjast með þróun einkenna hans og trappa niður lyfin.

Vitnið GG, geðlæknir og yfirmatsmaður, kvað niðurstöðu yfirmatsmanna byggja á lýsingum fagfólks og vitna bæði fyrir og eftir atburðinn og myndbandsupptökum af ákærða þar sem hann sé sýnilega mjög ör og sérkennilegur í hegðun. Af myndbandsupptökum fyrir utan rússneska sendiráðið sjáist að ákærði sé með ýmiss konar sérkennilega tilburði sem gjarnan sjáist hjá fólki í miklu örlyndi eða geðrofi þar sem hann sé að færa til hluti, leggja niður föt og hengja upp myndir. Hann hefði sjáanlega verið mjög ör og æstur og það hefði aukist þegar lögregla hefði komið á staðinn. Ekki hefði verið hægt að ná almennilegu samband við hann. Hann hefði talað samhengislaust og sýnt af sér hegðun sem sjáist hjá mjög veikum einstaklingum. Hann hefði [...] Yfirmatsmennirnir hefðu rætt við vitni sem hefðu lýst miklum breytingum á ákærða á skömmum tíma, frá því að vera rólegur og dagsfarsprúður í að vera reiður og æstur og tala um óskiljanlega hluti. Allt þetta bendi mjög eindregið til þess að ákærði hafi [...]. Upplýsingar um [...] fyrir nokkrum áratugum hafi verið óljósar. Ákærði hefði verið tvísaga um þetta þar sem hann hafi annars vegar sagt að hann hefði verið að gera sér upp einkenni til þess að komast undan herskyldu og hins vegar sagt að hann hefði verið álitinn með einhvers konar stórmennskuhugmyndir. Það hefði hins vegar komið fram hjá ættingjum að ákærði ætti stundum tímabil, sem stæðu jafnvel í nokkrar vikur, þar sem hann væri mjög þrasgjarn, ör og erfiður í samskiptum, þar sem varla væri hægt að eiga við hann. Þetta endaði yfirleitt með rifrildi og hurðaskellum. Þess á milli dragi hann sig í hlé og virðist ekki hafa áhuga á umhverfinu. Það sé mismunandi hvernig [...] komi fram, en það sé óvenjulegt að maður á þessum aldri komi fram með svona mikil einkenni. Það sé þó alveg möguleiki og engin önnur skýring finnist á þessu en að þetta sé einhvers konar [...] sem komi fram við þessar aðstæður. Þótt hann hafi á endanum ekki reynst vera með banvænan sjúkdóm hefði þetta greinilega valdið honum miklu álagi og hann hefði m.a. verið farinn að ræða um líknardráp. Mjög ólíklegt væri að ástand ákærða orsakaðist

af völdum sýklalyfja sem hann hefði fengið vegna veikindanna. Þegar yfirmatsmenn hefðu hitt ákærða hefði hann ekki verið lengur með einkenni [...]. Hann hefði verið [...].

Yfirmatsmaðurinn kvaðst telja nauðsynlegt, í ljósi þess hversu alvarleg veikindi ákærða hefðu verið og alvarleika atburðarins, að hann sætti öryggisráðstöfunum verði háttsemi hans talin sönnuð. Ákærði hefði verið í algjörri gæslu frá því atburðurinn átti sér stað og það væri eðlilegt framhald að hann færi í hendur fagaðila sem væru vanir að meta hættu á alvarlegum endurtekningum í veikindum hjá fólki sem hefur gert eitthvað sem hefur haft stórvægilegar afleiðingar. Þetta sé best gert á einhverri deild eins og réttargeðdeild. Þó telji hann enga hættu stafa af ákærða eins og hann sé núna. Það sé hins vegar óvíst hvað gerist í framhaldinu. Líkurnar á því að hann fari aftur í [...] séu heldur minni en hjá einstaklingum sem hafi oft veikst áður með þessum hætti. Hvorki það, né orsakir veikindanna, breyti því hins vegar hvernig rétt sé að meðhöndla hann á næstunni.

Vitnið II taugasálfræðingur greindi frá vinnu við taugasálfræðilegt mat á ákærða. Matið hefði verið unnið að beiðni yfirmatsmanna þar sem þau hafi talið nauðsynlegt að útiloka [...] í ljósi niðurstöðu úr segulómun. Það eitt og sér nægði ekki sem vísbending um [...] heldur þyrfti að túlka það í samhengi við margar aðrar upplýsingar. Engar vísbendingar hafi verið um yfirvofandi [...]. Stundum séu einhver frávík hjá fólki án þess að það hafi einhverja klíníska þýðingu. Hún hafi talið það tilfellið hér. Hefði hún hitt ákærða við aðrar kringumstæður, til dæmis í klínískri vinnu þar sem fólk kemur vegna kvartana um minnistap, væri niðurstaðan líklega á þá lund að ekki væri hægt að staðfesta neinn sjúkdóm á byrjunarstigi en í ljósi [...] hefði honum væntanlega verið boðið að koma aftur ef honum fyndist ástæða til. Til þess að framkvæma matið á ákærða hefði hún þurft aðstoð pólskumælandi sálfræðings. Hún hefði leitað að taugasálfræðingum í Póllandi sem gætu sent henni próf á pólsku sem hún gæti lagt fyrir ákærða. Þetta hefði gengið eftir og pólskumælandi sálfræðingurinn JJ hefði þýtt leiðbeiningar hennar á pólsku og lagt prófin fyrir ákærða með hennar aðstoð. Prófin hefðu því verið lögð fyrir ákærða á hans eigin tungumáli og hún hefði haft umsjón með þeim. Þetta hefði tekist mjög vel og niðurstöðurnar verið gildar.

Vitnið JJ sálfræðingur greindi frá aðkomu sinni að taugasálfræðilegu mati. Hún hefði ekki gert svona prófanir áður en hefði þó lært um þær í náminu. Hún hefði farið yfir þetta með II og undirbúið vel. Svo hefði hún farið og hitt ákærða í fangelsinu og lagt prófin fyrir hann. Þau hefðu verið á pólsku og hún rætt við hann á pólsku þannig að þetta hefði allt farið fram á móðurmáli hans. Niðurstöðurnar væru því fullmarktækar og matið unnið með faglegum hætti.

Vitnið DD lýtaskurðlæknir greindi frá meðferð á M sem var til meðferðar á lýtaskurðdeild. Hann hefði borið þess augljós merki að hafa verið í húsbruna, sótugur og með brunasár á útlimum og baki. Hann hefði fengið fyrstu meðferð á bráðamóttöku og svo verið færður á gjörgæslu í öndunarvél. Sár hans hefðu verið hreinsuð, búið um þau

og byrjað að leggja upp áætlun fyrir þær aðgerðir sem hann þyrfti, en strax hefði verið ljóst að brunaáverkar hans myndu þarfnast aðgerða og uppbyggingar með hlutþykktarhúðágræðslu. Honum hefði verið haldið sofandi í nokkrar vikur vegna gruns um reykeitrun og til að stilla verki hans. Þegar ástand hans hefði farið batnandi, hann hefði verið búinn að fara í gegnum aðgerðir og ástand lungnanna leyfði, hefði hann verið vakinn. Áverki á öndunarferum stafi af hita og eiturefnum í reyknum og valdi oft lungnabólgu og bjúg í lungum og stundum komi til hjartabilunar í kjölfarið. Það þurfi að vinna bug á þessu áður en sjúklingur sé vakinn. Brotapoli hafi verið í lífshættulegu ástandi framan af. Hann hefði haft djúpa brunaáverka, sérstaklega á bakinu og á handleggjum og hnjám. Það hefði verið djúpur hlutþykktaráverki, eða annarrar gráðu áverki, sem hefði náð langleiðina í gegnum húðina og á köflum þriðja stigs eða fullþykktarhúðáverki. Brotapoli hefði verið í um það bil mánuð á gjörgæslu og álíka lengi á legudeild en farið þaðan á Grensás í endurhæfingu til að endurheimta styrk. Þegar gróandinn sé orðinn nægilega góður færast meðferðin yfir í það að komast á fætur og endurheimta sem mest af fyrri getu í bæði styrk og hreyfingu. Brotapoli muni alltaf vera með ör og ágrædd húð sé ekki eins og eðlileg húð þótt hún sé ágæt þekja og það geti verið öðruvísi skyn í henni. Það geti verið verkjavandamál eftir svona áverka og mögulega hafi þetta áhrif á lungun.

Vitnið ÉÉ geðlæknir greindi frá því að hann hefði hitt ákærða fyrst nokkrum dögum eftir brunann. Hann væri yfirlæknir geðheilsuteymis fangelsa og hefði verið bent á að ákærði væri [...]. Það væri hans hlutverk að tryggja það að þeir sem dvelja í fangelsum fái aðgang að geðheilbrigðisþjónustu. Hann hefði metið ákærða og séð til þess að hann fengi viðeigandi þjónustu. Hann hefði ekki haft afskipti af honum síðan en verið í samskiptum við þá lækna sem hefðu haft hann til geðrannsóknar. Fylgst hafi verið með ákærða í gegnum fangaverði og hjúkrunarlið. Ákærði hefði virst koma eðlilega fyrir þegar hann hefði komið af [...] og ekki hafi verið nein bráð [...] eftir það sem talin hafi verið ástæða til að hafa afskipti af. Ákærði væri enn á sömu lyfjum og þegar hann hefði útskrifast af [...]. Hann hefði verið talinn afskaplega jafnlyndur og hægur í fangelsinu. Ekki hefði verið talin ástæða til að gera breytingar á meðferð hans meðan hann dvelji í fangelsinu.

Niðurstaða

Ákæruliður 1

Ákærða er í fyrri lið ákærunnar gefin að sök brenna, manndráp og tilraun til manndráps með því að hafa kveikt eld á gólfi í herbergi sínu á annarri hæð að Bræðraborgarstíg 1 og á tveimur stöðum á gólfi í sameiginlegu rými á sömu hæð, undir stiga sem lá upp á þriðju hæð hússins, og valdið þannig eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu, en afleiðingarnar urðu þær að tveir einstaklingar létust af völdum

koloxíðeitrunar og einn af höfuðáverka sem kom til við fall af þriðju hæð hússins við að reyna að flýja eldinn, auk þess sem tíu aðrir íbúar hússins sem voru heima voru í lífsháska vegna eldsins og sumir þeirra hlutu reykeitrun og aðra áverka.

Ákærði neitar sök. Hann skoraðist undan því að gefa skýrslu fyrir dóminum en vísaði til skýrslna sinna hjá lögreglu. Fyrst var reynt að taka skýrslu af ákærða daginn eftir brunann en ástand hans var þá metið þannig að ekki væri hægt að taka af honum skýrslu.

Tekin var skýrsla af ákærða 17. júlí 2020. Hann greindi þá frá því að hafa veikst [...] 15. maí og þurft að leggjast inn á spítala. Honum hefði yfirleitt samið við fólkið að Bræðraborgarstíg og ekki átt mikil samskipti við það en eftir dvölinu á spítalanum hefði hann rifist við fólk í húsinu. Þegar hann hefði komið út af spítalanum hefði verið búið að stela peningum úr herberginu hans. Hann hefði sérstaklega reiðst einum manni sem væri alkóhólisti og ætlað að henda honum út. Þetta hefði valdið honum streitu. Þetta hefðu verið erfiðir dagar og honum hefði liðið illa. Hann hefði ætlað að flytja út úr húsinu og hringt einhver símtöl til að leita að nýju húsnæði. Hann neitaði því alfarið að hafa kveikt í húsinu að Bræðraborgarstíg og sagðist aldrei myndu gera slíkt. Hann hefði ekkert sofið nóttina fyrir brunann og farið í bæinn þennan dag þar sem hann hefði m.a. dreift peningum til fólks á götunni. Hann hefði snúið aftur að Bræðraborgarstíg en einungis stoppað stutt þar og mundi ekkert hvað hann hefði gert. Herbergið hefði verið þröngt og fullt af fatnaði og ýmsum varningi sem hann hefði ætlað að selja. Hann hefði farið að rússneska sendiráðinu til að óska eftir hæli. Hann hefði verið ákveðinn í að hann ætlaði aldrei að fara aftur til Póllands. Hann hefði hoppað þarna yfir grindverk, öskrað og bankað en ekki verið neitt „agressívur“ en lögreglan hefði komið og handtekið hann.

Skýrsla var tekin af ákærða á ný 29. sama mánaðar. Hann greindi þá frá atvikum með svipuðum hætti en taldi þó að ferð sín að rússneska sendiráðinu hefði frekar snúist um mótmæli. Aftur var tekin skýrsla af ákærða 13. ágúst sama ár. Hann greindi þá frá því að hnefastórt gat hefði verið á herbergishurðinni hans sem settur hefði verið pappi yfir og málað. Auðvelt hefði verið að taka hurðina af lömumum svo einhver annar hefði getað farið inn í herbergið hans. Hann lýsti því jafnframt að ýmis efni hefðu verið í herberginu sem gætu skýrt eldinn þar. Hann kvaðst ekki hafa haft neina ástæðu til þess að kveikja í húsinu. Allar hans eigur hefðu verið þarna og hann hefði ekki átt neina óvini þarna. Það hafi einungis verið tilviljun að eldur hafi komið upp skömmu eftir að hann hafi yfirgefið húsið. Þá staðfesti hann framburð annarra íbúa hússins sem hefðu greint frá því að hafa hitt hann skömmu fyrir brunann.

Tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði brunann að Bræðraborgarstíg. Það er afgerandi niðurstaða rannsóknarinnar að eldsupptök hafi verið annars vegar inni í herbergi ákærða og hins vegar á tveimur stöðum frammi á stigapalli. Á þessum stöðum hafi eldurinn brunnið lengst og mest. Vísbendingar voru taldar um að

eldhvetjandi efni hafi verið notuð en ekki reyndist unnt að staðfesta það. Ekkert rafmagn fannst þarna sem hefði getað valdið brunanum eða nokkur efni sem hefðu getað valdið sjálfsíkveikju. Nokkur fjarlægð er á milli þessara tveggja staða og ljóst af ummerkjum að annar þeirra getur ekki skýrt eldsupptök á hinum. Það er niðurstaða rannsóknarinnar að þar sem eldurinn hafi kviknað á þessum tveimur stöðum sé útilokað að um gáleysi hafi verið að ræða. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vann einnig skýrslu um brunann. Þar er tekið undir niðurstöðu lögreglu um eldsupptökin og farið yfir þróun brunans. Er talið líklegast að eldurinn hafi byrjað í herbergi ákærða og skömmu síðar, líklega um einni mínútu síðar, hafi eldurinn kviknað á stigapalli. Þá hafi herbergi ákærða verið lokað, a.m.k. að mestu, en eldsupptökin verið sterkari á stigapallinum og yfirtendrun orðið þar þegar rúða hefði brotnað við að stigi hefði rekist í hana. Þessi mynd samræmist þeim afleiðingum sem urðu af brunanum. Ö verkfræðingur, sem mat hvort almannahætta hefði stafað af brunanum, tók einnig undir framangreinda niðurstöðu um eldsupptök. Í skýrslum allra framangreindra er talið að eldurinn hafi komist tiltölulega hratt af stað og er talið öruggt að það hafi gerst á skemmri tíma en fimm mínútum, jafnvel einni til tveimur, og hann hafi svo breiðst hratt út þannig að reykur hafi farið að koma út úr herbergi ákærða um einni til tveimur mínútum eftir að eldurinn hafi náð sér á strik.

Í málinu liggja fyrir nokkuð skýr gögn um atburðarás þessa dags. Meðal annars liggja fyrir tímasettar upptök úr öryggismyndavélum og skráð símtöl. Má sjá ákærða á myndefni í miðbænum skömmu fyrir kl. 14.

Vitnið G greindi frá því að hafa komið heim til sín að Bræðraborgarstíg um kl. 15 og hitt ákærða í skrítnu ástandi. Hún hefði heyrt læti í honum frammi á gangi og svo inni í herberginu hans og orðið vör við að hann væri að kasta hlutum út um glugga. Skömmu síðar hefði hún fundið lykt af reyk. Fyrir liggur að vitnið hringdi þrisvar sinnum í eiginmann sinn meðan á atvikum stóð og liggja tímasetningar þeirra símtala fyrir. Hún hringdi fyrst í eiginmann sinn vegna hegðunar ákærða kl. 14:58. Hún hringdi aftur skömmu síðar, eða kl. 15:04, en það símtal varði í um 8 mínútur. Hún og eiginmaður hennar lýsa því að hún hafi talað um hávaða í ákærða sem eiginmaður hennar hafi heyrt í gegnum símann. Þá hafi hún talað um brunalykt og síðan að hún sæi reyk. Síðasta símtalið milli þeirra átti sér stað kl. 15:16 þegar hún var komin út úr húsinu.

Tveir menn voru fyrir utan og sáu ákærða kasta munum út um herbergisgluggann sinn. Skömmu síðar sáu þeir ákærða yfirgefa húsið með föt með sér. Annar þeirra fékk símtal og fór að að sækja son sinn. Samkvæmt símagögnum hans átti það símtal sér stað kl. 15:11. Hinn maðurinn varð skömmu síðar var reyks úr herbergi ákærða og hringdi á neyðarlínuna kl. 15:15. Á meðan hann talaði við neyðarlínuna sá hann eld koma út um gluggann.

Á öryggismyndavélum rússneska sendiráðsins má sjá hvar ákærði birtist kl. 15:13 en sendiráðið er staðsett í Garðastræti skammt frá Bræðraborgarstíg. Framburður ákærða

um hvað gerðist á heimili hans áður en hann fór að sendiráðinu er mjög óljós. Hann virðist hins vegar muna betur hvað gerðist bæði fyrir það og eftir.

Þegar horft er til framangreindra gagna og þess hve atvik gerast á skömmum tíma verður að telja hafið yfir skynsamlegan vafa að nokkur annar en ákærði geti hafa verið valdur að brunanum, sem á m.a. upptök í herbergi hans sem hann var í rétt áður en vitni urðu vör við reykin. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að nokkur annar geti hafa átt þar aðkomu.

Samkvæmt framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í 1. lið ákærunnar. Ákærði olli eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og augljóst var að mönnum mundi vera bersýnilegur lífsháski búinn. Þá var jafnframt augljós hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna. Eldurinn var kveiktur á tveimur stöðum, m.a. á stigapalli við einu útgönguleið íbúa á þriðju hæð. Þrjár manneskjur létust vegna brunans og sex aðrir sem voru á annarri og þriðju hæð hússins voru í lífshættu og hlutu fjórir þeirra einhvern líkamlegan skaða, þó mismikinn. Gat ákærða ekki dulist að með því að kveikja eld í húsinu væri mönnum þar inni bersýnilegur lífsháski búinn og þeir sem væru á þriðju hæð kæmust ekki undan en hann vissi af fólki í húsinu. Þá væri mikil hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna. Í samræmi við þetta eru brot ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Það hefur ekki áhrif á niðurstöðuna þótt brunavörnum hússins hafi verið áfátt, en ákærði hafði búið í húsinu um margra mánaða skeið og mátti vera ástand hússins ljóst.

Ákæruliður 2

Í öðrum lið ákærunnar er ákærða gefið að sök brot gegn valdstjórninni, með því að hafa skömmu eftir atvikin í ákærulið 1, utandyra við rússneska sendiráðið, slegið tvo lögreglumenn, sem voru við skyldustörf, með gúmmímottu með þeim afleiðingum að annar hlaut roða og mar á hægri framhandlegg og hinn fékk roða á vinstra kinnbein.

Ákærði neitar sök. Hann tjáði sig ekki um atvikið fyrir dómi en kvaðst hjá lögreglu ekki hafa verið „agressívur“ og ekki hafa lent í útistöðum við lögreglumennina.

Lögreglumennirnir tveir komu báðir fyrir dóminn og lýstu atvikum með sambærilegum hætti. Þeir sáu áverka á hvor öðrum og tóku myndir af þeim sem fylgdu skýrslu um atvikið. Má þar greinilega sjá umrædda áverka. Þá liggur fyrir myndefni sem sýnir atvikið mjög skýrt. Að framangreindu virtu er sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og varðar brot hans við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Ekki leikur vafi á refsilögsögu í málinu, sbr. 6. gr. sömu laga.

Refsing, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í desember 1957. Samkvæmt sakavottorði hans hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Hann hefur hins vegar sjálfur greint frá því að hann

hafi setið í fangelsi í Póllandi í sjö mánuði í tengslum við gjaldþrot fyrirtækis hans. Hann hefur sætt gæsluvarðhaldi, eða vistun á [...] frá 25. júní sl.

Ákærði hefur hér verið fundinn sekur um mjög alvarleg brot sem höfðu hrikalegar afleiðingar. Hér að framan hefur verið greint frá geðrannsóknnum FF, geðlæknis og dómkvadds matsmanns, og geðlæknanna og yfirmatsmannanna GG og HH. Í matsgerðum þeirra er aðstæðum ákærða lýst og greint frá því að [...]. Matsmennirnir eru á einu máli um að enginn vafi leiki á því að ástand ákærða hafi verið slíkt á þeim tíma sem atvik gerðust að 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um hann.

Í málinu liggur fyrir talsvert myndefni sem sýnir ástand ákærða 25. júní 2020. Er þar um að ræða upptökur úr öryggiskerfum í miðbænum frá því skömmu fyrir atvikin og myndefni frá atvikum við rússneska sendiráðið. Þá liggja frammi upptökur af samtölum við ákærða eftir atvikin. Mörg vitni hafa lýst ástandi ákærða framangreindan dag og dagana og vikurnar á undan, auk þeirra breytinga sem urðu hjá honum á síðustu vikum. Með hliðsjón af öllu þessu telur dómurinn engum vafa undirorpið að ástand ákærða hafi á þeim tíma sem um ræðir verið þannig að hann hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ákærði því sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins.

Ákæruvaldið krefst þess til vara að ákærða verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun eða vægari öryggisráðstöfunum samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði má, ef 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi ákærða, ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því að háski verði af mannum. Ef ætla má að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum má ákveða að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli.

Í niðurstöðum dómkvaddra matsmanna kemur fram að þeir telji rétt að eftirlit verði með ákærða á réttargeðdeild Landspítala til að varna því að háski verði af honum í framtíðinni. Fyrir dómi dró undirmatsmaður nokkuð úr þörf fyrir öryggisgæslu en yfirmatsmenn töldu skýra þörf á henni. Fram hefur komið að frá því að ákærði fór af [...] í júlí 2020 í gæsluvarðhald hefur hann verið á lyfjum, án [...] og í stöðugu ástandi. Matsmennirnir telja allir að ekki stafi hættu af honum eins og staða hans sé nú. Það er álit matsmanna að líklegast sé að ákærði sé haldinn [...] þótt ekki sé hægt að útiloka aðrir orsakir ástands hans á verknaðarstundu með fullri vissu. Hver sem orsök veikinda ákærða er þá er ljóst að hann veiktist mjög alvarlega í júní 2020. Háttsemi hans hafði afar alvarlegar afleiðingar. Útilokað er að segja fyrir um það með vissu hvernig andlegri heilsu hans verði háttáð til framtíðar. Það liggur því fyrir að nauðsynlegt er að fylgjast náið með geðrænu ástandi hans, meta einkenni hans og þróun þeirra, stilla af lyfjameðferð og gera áhættumat. Telur dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, að nauðsynlegt sé vegna réttaröryggis að ákærði sæti öryggisgæslu á

viðeigandi stofnun. Þá þykir rétt að á þeim tíma gangist ákærði undir viðeigandi meðferð vegna veikinda sinna. Skál meðferðin vera undir eftirliti yfirlæknis öryggis- og réttargeðdeildar og er ákærða skylt að hlíta viðeigandi meðferð, hvort sem hún er í formi viðtala eða lyfjagjafar, allt eftir nánari ákvörðun yfirlæknis hverju sinni.

Af hálfu G, er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 3.073.636. Krafan sundurliðast þannig að 3.000.000 króna eru vegna miska, 23.636 krónur vegna sjúkrakostnaðar og 50.000 krónur vegna annars fjártjóns. Brotapolinn á rétt til miskabóta úr hendi ákærða á grundvelli 8. kaþítula Mannhelgisbálks Jónsbókar. Fyrir liggur að málið fékk mjög á brotapolann og hefur hún þurft að leita sér sálfræðiaðstoðar. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Þá hefur brotapolinn lagt fram reikninga vegna sjúkrakostnaðar og vegna gistingar að fjárhæð samtals 73.636 krónur og verður fallist á kröfu vegna þeirra. Fjárhæðin ber vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu P, er krafist skaða- og miskabóta að fjárhæð 13.044.197 krónur sem sundurliðast þannig að 4.000.000 króna eru vegna miskabóta, 8.715.722 krónur vegna missis framfæranda og 328.475 krónur vegna annars fjártjóns. P var unnusti A sem lést í eldsvoðanum og bjó með henni að Bræðraborgarstíg 1. P missti unnustu sína með hörmulegum hætti og í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar um andlegar afleiðingar fyrir hann. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna. Kröfu um bætur vegna missis framfæranda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega og verður fallist á hana eins og hún er fram sett. Þá liggja fyrir reikningar vegna annars fjártjóns og verður einnig fallist á kröfu vegna þeirra og ber fjárhæðin vexti eins og í dómorði greinir. Þá greiði ákærði honum málskostnað að fjárhæð 732.716 krónur.

Foreldrar B sem lést í eldsvoðanum, Q og R, og bróðir hans, S, krefjast þess hvert um sig að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna. Þykja miskabætur til handa foreldrum hins látna hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur til hvors um sig og 1.000.000 króna til handa bróður hins látna. Fer um vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða þeim málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu H er krafist miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna. Þykir hann eiga rétt til miskabóta sem þykja hæfilega ákveðnar 500.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Af hálfu E, er krafist miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna. Þykir hann eiga rétt til miskabóta sem þykja hæfilega ákveðnar 500.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Af hálfu M er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 6.000.000 króna. Brotapolinn brenndist illa í brunanum og mun bera þess varanleg merki en læknismeðferðum hans er enn ekki lokið. Þykja miskabætur

honum til handa hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu L er krafist miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna úr hendi ákærða. Samkvæmt gögnum málsins var brotapolanum bjargað úr sjálfheldu á þriðju hæð Bræðraborgarstígs 1 og færður á bráðamóttöku með reykeitrún og sár. Hann hefur lýst því að atburðurinn hafi fengið mjög á sig andlega. Þykja miskabætur til hans hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ber krafan vexti eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu J er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð 6.407.064 krónur. Bótakrafan sundurliðast þannig að miskabætur eru 6.000.000 króna, munatjón vegna muna sem keyptir voru á árunum 2017-2019 er 368.166 krónur og sjúkrakostnaður 38.898 krónur. Brotapolinn stökk frá brennandi húsinu þar sem hann óttaðist um líf sitt. Hann hlaut áverka sem voru lífshættulegir en hefur náð góðum bata. Þykja miskabætur honum til handa hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Hann hefur lagt fram gögn um annan kostnað og verður fallist á hann. Ber fjárhæðin vexti eins og í dómsorði greinir.

Foreldrar C sem lést við fall úr húsinu að Bræðraborgarstíg, T og U, og systkini hennar, V og W, krefjast þess hvert um sig að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna. Þykja miskabætur til handa foreldrum hinnar látnu hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur til hvors um sig og 1.000.000 króna til handa systkina hinnar látnu. Fer um vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða þeim málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Foreldrar A sem lést í eldsvoðanum, Á og Ð, og systir hennar, É, krefjast þess hvert um sig að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna. Þykja miskabætur til handa foreldrum hinnar látnu hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur til hvors um sig og 1.000.000 króna til handa systur hinnar látnu. Fer um vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða þeim málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Í samræmi við 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 15.090.180 krónur, þóknun verjanda á rannsóknarstigi, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.543.180 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotápola, Guðbrands Jóhannessonar, 6.170.363 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Dóminn kveða upp héraðsdómararnir Barbara Björnsdóttir og Daði Kristjánsson og Kristinn Tómasson, embættis- og geðlæknir. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184 gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, er sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins.

Ákærði sæti öryggisgæslu á viðeigandi stofnun.

Ákærði greiði G 873.636 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 800.000 krónum frá 25. júní 2020 til 2. júlí 2020, en af 809.636 krónum frá þeim degi til 7. júlí 2020, af 823.636 frá þeim degi til 16. júlí 2020, af 863.636 krónum frá þeim degi til 19. júlí 2020, og af 873.636 krónum frá þeim degi til 25. október 2020 en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði P 11.044.197 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags, auk málskostnaðar að fjárhæð 732.716 krónur.

Ákærði greiði Q 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 178.584 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði R 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 178.584 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði S 1.000.000 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 178.584 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði H 500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði E 500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði M 1.200.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði L 500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði J 1.207.064 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.118.466 krónum frá 25. júní 2020 til 9. júlí 2020, en af 1.126.368 krónum frá þeim degi til 15. júlí 2020, en af 1.176.068 krónum frá þeim degi til 24. júlí 2020, en af 1.207.064 krónum frá þeim degi til 25. október 2020, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði T 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 154.376 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði U 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 154.376 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði V 1.000.000 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 154.376 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði W 1.000.000 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 154.376 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði Á 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 180.626 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði Ð 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 180.626 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði É 1.000.000 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2020 til 25. október 2020, en með

dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga til greiðsludags og 180.626 krónur í málskostnað.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 15.090.180 krónur, þóknun verjanda á rannsóknarstigi, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.543.180 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Guðbrands Jóhannessonar, 3.742.506 krónur.

Barbara Björnsdóttir

Daði Kristjánsson

Kristinn Tómasson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 3. júní 2021